

Leiðarstefið er að lifa af



Sendi Sigga Hlö ljóðræna kveðju



Lífið > 22

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Menning > 19

FRÉTTABLAÐIÐ

195. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 30. ÁGÚST 2022



Í mjög hvassri suðaustanátt hafa sandarnir á Suðurlandi blásið sandi yfir höfuðborgarsvæðið. Svifryk fór langt yfir heilsuverndarmörk í hádeginu í gær. SJÁ SÍÐU 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kári vaknaður og fer í skýrslutöku

Lögregla stefndi að því að skrá framburð Kára Kárasonar, fórnarlambsskotárásar á Blönduósi, á Landspítalanum í gær. Framburður hans gæti varpað ljósi á málsatvik.

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Kári Kárason, framkvæmdastjóri Vilko, sem varð fyrir haglabyssuskoti þegar árásmaður braust inn á heimili hans og eiginkonu hans, Evu Hrundar Pétursdóttur iðjubjálfa, á Blönduósi aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst síðastliðinn er kominn til meðvitundar.

„Ég get staðfest að við stefnum í þessum töluðu orðum að skýrslutöku hans fyrir morgundaginn,“ sagði Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, í gær, en Páley stjórnar rannsókn sakamálsins.

Kári liggur á Landspítalanum eftir að hafa fengið skot í kviðinn. Hann missti meðvitund og var fluttur illa haldinn á Landspítalanum eftir árásina. Það mat lögreglu og heilbrigðisstarfsfólks að heilsa hans sé orðin nógu góð til að hægt sé skrásetja vitnisburð hans segir ákveðna sögu. Aðstandandi lýsti bata Kára þannig í samtali við Fréttablaðið að hann „virtist framar öllum vonum



Ég get staðfest að við stefnum í þessum töluðu orðum að skýrslutöku hans fyrir morgundaginn.



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra

og kraftaverki líkastur“. Þetta sé huggun harmi gegn.

Þótt stefnt hafi verið að skýrslutökunni í gær mátti samkvæmt upplýsingum blaðsins ekki verða mikil breyting á líðan Kára til að hætt yrði við fyrirhugaða skýrslutöku. Von stendur til að framburður Kára hafi mikið vægi í að þúsla saman málsatvikum.

Fréttablaðið hefur greint frá vísendingum um að skotmaðurinn hafi fyrst skotið Kára á heimili hans og síðan eiginkonu hans. Sonur þeirra hefur borið við sjálfsvörn þegar hann banaði árásmanninum með berum höndum. Sonurinn hefur enn stöðu sakbornings. ■

Mygla í fokheldu húsi Kópavogs fyrir fötluð börn

HÚSNÆDISMÁL Mygla fannst í húsnæði sem Kópavogsbær notar sem dagvistunarræði fyrir fötluð ungmenni á menntaskólastigi.


Ekki fannst mygla í sjálfum stofnunum sem notaðar eru, en þó fundust ummerki myglu á öðru svæði á sömu hæð. Einar dyr eru á milli svæðanna tveggja.

Auk þess er húsið skráð fokhelt. Kópavogsbær segir að ástæðan fyrir því sé að eigandi hússins, sem er einkaaðili, hafi óskað eftir því, þar sem efri hæðir hússins eru ónotðar. SJÁ SÍÐU 4

Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð frá 4.690.000 kr.

H HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.volkswagen.is/taigo





Margir leita til vaktarinnar á kvöldin.

Læknavaktinni verður lokað fyrr

helenaros@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Stefán Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri Læknavaktarinnar, segir mannekleu ástæðu þess að opnunartími verður stytur um eina og hálf klukkustund frá og með 1. september.

Vaktinni verður lokað klukkan tíu á kvöldin í stað hálf tólf.

Aðspurður segist Stefán Ari telja að breytt fyrirkomulag sé komið til að vera og að ákvörðunin sé tekin í samráði við heilbrigðisráðuneytið, Landspítala og Heilsugæsluna. „Það eru allir meðvitaðir um þetta.“ Þá telur hann að styttingin muni ekki hafa áhrif á þjónustuna.

„Ég held að þetta hafi þau áhrif að fólk þurfi að bíða skemur. Okkur tekst að manna þetta betur af því við erum að loka fyrr, það eru svona mínar væntingar,“ segir hann.

Stefán Ari telur að styttingin muni ekki hafa mikil áhrif á bráðamóttökuna. Heimavitjanir Læknavaktarinnar verði áfram í boði til hálf tólf. Fólk geti haft samband í síma 1770 og hjúkrunarfræðingar meti hvort þörf sé á vitjun. ■

Blásið í hávaðaroki



Vallarstarfsmönnum Golfklúbbs Ness fannst suðaustanrokið ekki nægur blástur til að losna við sand þannig að þeir bættu aðeins í. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áhyggur af sjálfvirkum skotvopnum

benediktarnar@frettabladid.is

SKOTVOPN Rannveig Þórisdóttir, sviðsstjóri hjá ríkislögreglustjóra, segir að innflutningur á skotvopnum hafi aukist undanfarin ár og því þurfi að auka eftirlit. Hún hefur kallað eftir því að heimildir sem skilgreina hvaða vopn megi flytja inn verði þrengdar aftur.

„Sjálfvirk skotvopn og hálf-sjálfvirk vopn eru flutt inn á grundvelli safnaleyfis og það hefur síðastliðin fimm, sex ár verið heimilað í auknum mæli. Það hafa verið þröngar skilgreiningar á hvaða vopn megi flytja inn. Þær hafa verið aðeins víkkaðar út en við höfum kallað eftir því að það verði sett mjög þröng skilyrði fyrir innflutningi á slíkum vopnum,“ segir Rannveig.



Rannveig Þórisdóttir, sviðsstjóri hjá ríkislögreglustjóra

Lögreglan fer með eftirlit með skráðum vopnum, en Rannveig telur að það sé ekki mikið um ólögleg vopn. „Við gætum örugglega gert betur og viljum gera betur, en það er alltaf möguleiki að það sé eitthvað af vopnum að koma ólöglega inn í landið. Við erum ekki að haldleggja ólögleg vopn í neinum mæli, sem er kannski vísbending um að það sé ekki mikið um ólögleg vopn á landinu,“ segir Rannveig. ■

Spilaði aftur í deild þeirra bestu eftir þrettán ára bið

Atli Jónasson stóð í marki Leiknis á sunnudag, þrettán árum eftir síðasta leik í efstu deild. Þrátt fyrir tap gegn Blikum varði Atli víti. „Ég vissi hvar hann myndi skjóta,“ segir Atli sem neitar þó að gefa upp hvert sé leyndarmálið á bak við að verja víti.

benediktboas@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ég vissi hvert Höskuldur var að fara að skjóta um leið og hann setti boltann niður á vítapunktinn. Ég get reyndar ekki sagt þér hvernig því ég gæti spilað annan leik eftir þrettán ár,“ segir Atli Jónasson, markvörður Leiknis, en hann stóð á milli stanganna gegn toppliði Breiðabliks á sunnudag í Bestu deildinni.

Leiknir tapaði leiknum 4-0 en Atli varði víti frá Höskuldi Gunnlaugssyni og fær hrós frá þeim fjölmiðlum sem fjalla um Bestu deildina.

Alls eru þrettán ár síðan Atli spilaði síðast í efstu deild. Þá spilaði hann í 4-3 tapi KR gegn Val. Logi Ólafsson stýrði þá KR.

Atli lék á sínum tíma 20 leiki með yngri landsliðum Íslands. Hann var lengst af á mála hjá litla bróður KR, KV, og átti stóran þátt í að liðið fór alla leið upp í næstefstu deild árið 2014. Hann hefur lítið spilað síðan 2018.

Hann segir að skrokurinn hafi verið finnst eftir leikinn. Hann sé búinn að æfa eins og maður síðan í mars og búinn að vera á bekknum í allt sumar. Hann var í fríi í gær og ætlaði að hafa það notalegt.

„Ég var helvíti lengi að komast í gang – viðurkenni það en ég er alveg í allt í lagi standi.“



Atli hefur æft með Leikni síðan í mars til að vera hinum unga Viktori Sigurðssyni til halds og trausts. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Atli við það að verja vítið frá Höskuldi.

MYND/HAUKUR GUNNARSSON

Viktor Freyr Sigurðsson er aðalmarkvörður Leiknis en hann meiddist gegn KR og Atli hefur verið honum til halds og trausts.

Varamarkvörður Leiknis var svo slökkviliðsmaðurinn og Leiknisgöðsögnin Eyjólfur Tómasson.

„Það var hóað í Eyjó til að vera á bekknum. Hann æfir ekkert, er bara í slökkviliðinu, en hann er mikill Leiknismaður og segir ekki nei þegar félagið hans er í vanda.

Hann hjólaði beint frá slökkvistöðinni og fékk sér sæti á bekknum.“

Leiknir er sem stendur í neðsta sæti en Atli segir að hjartað í liðinu og gæðin muni halda klúbbum uppi. „Þjálfarinn hefur orðað þetta ágætlega í viðtölum og bent á að það sé nánast þráhyggja að halda Leikni uppi. Mér finnst við ekkert vera að fara á taugum. Við ætlum að halda okkur uppi og erum með lið og hjarta í það,“ segir Atli. ■




Frá og með 1 september verður opnunartími Læknavaktarinnar Háaleitisbraut 68 frá kl:17:00 til 22:00 virka daga og frá 9:00 til 22:00 um helgar.



UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR



Verð frá: 5.650.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 125.000 kr.

TOYOTA - MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Heiða kjörin formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

kristinnhaukur@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖG Heidi Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar, var kjörin formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í kosningu sem fór fram 15. til 29. ágúst.

Hún hlaut rúmlega 51 prósent atkvæða en Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hlaut tæplega 49 prósent.

„Ég þekki vel aðstæður fólks á

landsbyggðinni ekki síður en á höfuðborgarsvæðinu, enda fædd og uppalin við Eyjafjörð og á þar djúpar rætur. Ég mun leggja mig fram um að vera formaður allra sveitarfélaga landsins af því ég veit að það skiptir máli,“ segir Heidi sem var fyrir kosninguna sitjandi varaformaður sambandsins.

Samkvæmt Heidi eru ýmsar áskoranir sem sveitarfélög landsins þurfa að leysa úr. Meðal annars óvissa í málefnum fatlaðs fólks, skortur á húsnæði, loftslagsmálin og

vitaskuld fjármálin. „Það er mikilvægt að tryggja sjálfbærastur sveitarfélaga svo þau geti sinnt þeirri mikilvægu þjónustu og innviðaupbyggingu sem nauðsynleg er um allt land,“ segir hún.

Heiða segist vilja efla sambandið sem talsmann sveitarfélaga og samstarfsaðila ríkis og atvinnulífs í því verkefni að gera Ísland að eftirsóttum stað til að búa, starfa og fjárfesta á.

Hún muni efla sambandið sem sameiginlegan samráðs- og sam-



Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar

talsvettvang sveitarstjórnarfólks og stjórnenda sveitarfélaga og auka samvinnu við landshlutasamtök.

Aðspurð um fyrirsjáanlega erfiðan vetur í kjaraviðræðum segir

Heiða að öll þjónusta sveitarfélaga byggji á því að þau geti laðað til sín gott starfsfólk. Það sé sameiginlegt hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar, sveitarstjórna og samfélagsins alls að þetta verkefni takist vel. Samningsmarkmið sveitarfélaganna í kjaraviðræðunum verði til í samstarfi sveitarfélaganna og þar verði svigrúmið metið.

Heiða segist þó ætla að leggja áherslu á að sameiginlegir hagsmunir samfélagsins verði öllum ljósir í kjaraviðræðunum. ■

Verðbólgan er mögulega að ná hámarki sínu

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Íslandsbanki býst við að tólf mánaða verðbólga hækki lítið eitt í ágúst og fari í 10 prósent en Landsbanki býst við óbreyttri verðbólgu frá því í júlí, 9,9 prósent.

Veritabus býst við að raunveruleg tólf mánaða verðbólga lækki um 0,1 prósent og fari í 9,8 prósent en telur að Hagstofan muni mæla verðbólguna 10 prósent og að munurinn stafi af mismunandi tímasetningu á mælingum.



Mestu hækkanir milli mánaða verða á fötum og skóm, 5,5 prósent.

Veritabus telur að í mælingu Hagstofunnar muni ferðir og flutningar, sem verið hafa mikill drifkraftur verðhækkana síðustu tólf mánuði, lækka um 2,5 prósent milli mánaða. Húsnæði, hiti og rafmagn hækki um 1,1 prósent milli mánaða.

Mestu hækkanir milli mánaða verða á fötum og skóm, 5,5 prósent, og húsgögnum og heimilisbúnaði, 2 prósent. Þessar hækkanir stafa að mestu af útsöluhlutum.

Matvara, húsnæði og eldsneyti hafa hækkað meira en flestir aðrir liðir síðastliðna tólf mánuði. Í ágúst lækkaði verð á eldsneyti töluvert og fer að mati Veritabus sennilega lækkandi. Matvara virðist einnig hafa hækkað minna en undanfarna mánuði. Margt bendir til þess að húsnæðismarkaður muni róast.

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs fyrir ágúst í dag. ■

Hús sem í finnst mygla er nýtt af Kópavogsbæ fyrir fötluð ungmenni

Húsnæði sem Kópavogsbær leigir af einkaaðila og er nýtt sem dagsvistunarúrræði fyrir fötluð ungmenni er skráð fókelt auk þess sem þar fannst mygla.

ragnarjon@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Nýjustu mælingar sýna að mygla fannst í húsnæði sem Kópavogsbær leigir af fyrirtækinu Árkór ehf. Núverandi hlutverk húsnæðisins er hýsing dagvistunarúrræðis fyrir fötluð ungmenni á menntaskólastigi.

Mælingarnar sem um ræðir voru framkvæmdar af Sýni ehf. þann 19. ágúst síðastliðinn og var loftsynaskálum komið fyrir á fimm stöðum víðs vegar um húsið.

Ekki fannst mygla í sjálfum stofunum sem notaðar eru en þó fundust ummerki myglu á öðru svæði á sömu hæð. Er það svæði skilgreint sem 1. hæð stigi norðvestur en aðeins einar dyr liggja á milli þess svæðis þar sem skólastofurnar standa og svæðisins þar sem myglan mældist.

Kolbeinn Reginsson, líffræðingur og bæjarfulltrúi Vina Kópavogsbæjar, segir að með þessu sé verið að taka óþarfa áhættu, enda geti sveppur borist á milli staða í húsinu með margvíslegum hætti.

„Ef gró komast með einhverju móti inn í húsnæðið þá lifa þau jafnvel árum saman og um leið og þau komast í vatn þá spíra þau,“ segir Kolbeinn en hann hefur kallað eftir útskýringum á því hvers vegna húsnæðið sé í notkun þegar mælst hafi mygla í einhverju magni á sömu hæð og er nú í notkun. „Bæjaryfir-



Kolbeinn Reginsson, líffræðingur og bæjarfulltrúi Vina Kópavogs

völd í Kópavogsbæ virðast telja að hér sé um ásættanlega áhættu að ræða,“ segir Kolbeinn.

„Svona sveppagróður getur ferðast tugi kílómetra í lofti, þetta er svo harðgert,“ segir Kolbeinn og bætir við: „Segjum að ef einhver labbar þarna inn fyrir slysi, þá geta gróin sogast yfir í önnur svæði í húsinu. Þetta getur verið undir skólanum þínum,“ segir hann.

Kolbeinn telur að frekari mælinga

sé þörf og tekur fram að ástæða þess að ekki mælist gró í þeim stofum sem notaðar séu í úrræðinu sé að það tiltekna svæði hússins hafi nýlega verið tekið í gegn. Ekki hafi þó verið framkvæmdar viðlíka endurbætur á öðrum hæðum hússins. Samkvæmt mælingum frá 2019, sem unnar voru af Verkis, fannst talsvert af myglu á þeim hæðum húsnæðisins. Því sé líklegt að myglu sé enn að finna þar í miklum mæli.

Í svörum Kópavogsbæjar við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að núverandi ástandsskráning Fannborgar 2 sé að húsið sé skráð fókelt. Kaupandi hafi beðið um að húsið yrði skráð sem slíkt og Kópavogsbær hafi ekki gert athugasemd við beðni eigenda um þá skráningu vegna þess að efri tvær hæðirnar, af

fjórnum, væru ekki hæfar til notkunar.

Kópavogsbær tekur fram að Heilbrigðiseftirlitið hafi verið kallað til áður en starfsleyfi var veitt fyrir úrræðinu. Heilbrigðiseftirlitið hafi framkvæmt sjónmat á húsnæðinu ásamt rakamælingu. Farið hafi verið að tilmælum Heilbrigðiseftirlits og húsnæðið þrifið, málað og loftræstikerfi hússins yfirfarið. Þessi úrræði hafi þó einungis farið fram á fyrstu hæð hússins.

Í svörum Kópavogsbæjar kemur fram að enginn umgangur sé í húsinu og að efri hæðir húsnæðisins séu ekki í notkun. Með þessum aðgerðum og viðurlögum telur Kópavogsbær jarðhæð Fannborgar 2 í góðu ástandi og að hægt sé að nýta hæðina í áður nefnd úrræði. ■

Fannborg 2 á sér þó nokkra sögu en húsið hýsti áður bæjarskrifstofur Kópavogs. Kópavogsbær keypti það af Árkór ehf. árið 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAR, HURÐIR**

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.890** KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ **4.150** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.490** KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ **4.590** KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAR

30X60 VERÐ FRÁ **4.790** KR. m²

60X60 VERÐ FRÁ **5.590** KR. m²

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIEFNUM FYRIR PARKET OG FLÍSAR

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR MEÐ KARMÍ

VERÐ FRÁ **41.990** kr. FYLGIHLUTIR 25% AFSLÁTTUR

Birgisson[®]



OKKAR VÖRUR ERU UMHVERFISVOTTADAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Líklegt að sóttvarnaaðgerðir hafi verndað eldra fólk

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Andlát einstaklinga 70 ára og eldri voru óvenju mörg í mars, apríl og maí á þessu ári miðað við árin 2012–2019. Þetta kemur fram á vef Embættis landlæknis.

Þar segir einnig að í sama aldrshópi hafi dauðsföll verið óvenju fá á tímabilinu júní til ágúst árið 2020 og í janúar, febrúar, mars, september og október á síðasta ári.

Líklegt þykir að sóttvarnaaðgerðir sem voru við lýði á þessum tímabilum hafi verndað fólk, eldra en 70 ára, því ekki hafi einungis verið

litið um Covid-smit í aldurshópnum heldur hafi sýkingum almennt fækkað mikið á þessum tíma.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir tíðni dauðsfalla ekki einungis sýna áhrif Covid hér á landi.

„Við vitum að það var óvenju litið um aðrar sýkingar á þessum tímabilum á þessum árum, sennilega út af þeim ráðstöfunum sem voru í gangi,“ segir hann.

„Það var lögð sérstök áhersla á að verja þennan aldurshóp og þess vegna tókst okkur öllum í sameiningu að koma í veg fyrir andlát



Það var lögð sérstök áhersla á að verja þennan aldurshóp.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

í þessum hópi,“ bætir Þórólfur við. „Við getum ekki fullyrt að það sé út af Covid eða einhverju öðru sem dauðsföllum fækkar eða fjölga, en við höfum líka séð á dánarvottorðunum frá upphafi faraldursins að þá er Covid tilgreint sem sjúkdómur sem fólk lést af.

Þá varð fólk veikara og lagðist inn á sjúkrahús með Covid, fékk svæna lungnabólgu og lést af þeim völdum,“ segir Þórólfur.

Rúmlega tvö hundruð dauðsföll hafa verið skráð hér á landi frá upphafi faraldursins sem dauðsföll af völdum Covid.

„Í þeim tilfellum getum við sagt að Covid hafi verið aðal orsakavaldurinn eða að Covid hafi hugsanlega verið það sem átti í þátt í andlátinu á einhvern máta, sama hvort það var stór þáttur eða lítill þáttur.“

Þórólfur segir að þegar dánartíðnin minnki á ákveðnum tímabilum, líkt og gerðist í júní, júlí og ágúst mánuði árið 2020, megi búast við hærri dánartíðni á öðrum tímabilum. „Fólk deyr einhvern tímann og ef að við fáum fækkuð á dauðsföllum á einum tímamarki þá er líklegt að við fáum fjölgun seinna,“ segir Þórólfur. ■

Sandfok frá Suðurlandi til borgarinnar

jonthor@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Sandfok frá söndunum á Suðurlandi olli hækkun á styrk svifryks í Reykjavík í gær.

Klukkan tólf á hádegis í gær var klukkustundargildi svifryks við Grensásveg 121 míkrogramm á rúmmetra og á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar var klukkustundargildið 272,4 míkrogramm. Sólarhringsheilsuverndarmörk fyrir svifryk eru 50 míkrogramm á rúmmetra.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að líklega hafi sandfokið komið frá Landeyjasandi.

„Það var mjög stíf suðvestanátt og þá rýkur svona mikið upp,“ segir Þorsteinn, sem útskýrir að fyrst hafi sandurinn fokið um suðurstöndina, svo enn lengra og mælst í Hafnarfirði, Kópavogi og loks í Reykjavík.



Svifryksmagn fór í 274,4 míkrogrömm á Háaleitisbraut í hádeginu í gær

Hann telur að svifrykið eigi ekki að hafa slæm áhrif á hraust fólk, en þeir sem séu viðkvæmir fyrir í öndunarferum eða með astma eigi að forðast útivist á meðan á slíku stendur.

Þá mælir hann ekki með því að fólk fari út að hlaupa í þessum kringumstæðum og bendir á að fólk geti fylgst með gangi mála á loftgaedi.is, en sá vefur uppfærast á klukkutíma fresti. ■



Öll spjót beinast nú að Lilju Alfredsdóttur ráðherra vegna skipanar hennar í störf. Nú síðast hefur skipan þjóðminjavarðar valdið miklum gny. Myndin var tekin þegar fræðslustjórar brugðu á leik fyrir framan safnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ákvörðun Lilju sögð vera klárt brot á stjórnsýslunni

Jafnræði þegnanna er að engu haft með skipan ráðherra í stöðu þjóðminjavarðar, að mati stjórnsýslufræðings. Mikill hiti. Málið er sagt vísbending um grundvallarbreytingu í átt til amerískra starfslokasamninga.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Hneyksli, geðþótti, afturhvarf til pólitískra ráðninga.

Þessi orð eru meðal þeirra sem fallið hafa eftir að Lilja Dögg Alfredsdóttir, ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra, skipaði Hörpu Þórsdóttur þjóðminjavörð án auglýsingar.

„Maður getur deilt um hvort þetta séu pólitískar ráðningar en í öllu falli bjóða þær hættu á geðþóttu heim. Ég sé ekki betur en um sé að ræða brot á allri stjórnsýslu,“ segir Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur.

Haukur segir meginreglu að fara þurfi vel með almannafé og ráða þann hæfasta. Til að vita hver sé hæfastur þurfi að auglýsa störf eins og stöðu þjóðminjavarðar. „Þá reglu brýturðu ef þú auglýsir ekki,“ segir Haukur.

Hins vegar segir Haukur að þegar stöður sambærilegar þjóðminjavörð losni skuli allir jafnir frammi fyrir ríkinu. „Sú skylda er ekki uppfyllt nú,“ segir Haukur.

Með því að enginn annar geti sótt um sé enginn annar aðili máls, enginn geti kallað eftir rökstuðningi. Haukur spyr einnig hvað gerist þegar ráðherra sem hafi handvalið fjölda fólks í embætti fari frá við stjórnarskipti.



Erum við að fara frá norræna módelinu til Ameríku þar sem gera þarf starfslokasamninga við heilan hóp af fólki?



Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur

„Erum við að fara frá norræna módelinu til Ameríku þar sem gera þarf starfslokasamninga við heilan hóp af fólki og handræða nýtt fólk? Hvaða glufu er verið að opna? Þetta er grundvallarbreyting í íslenskrí stjórnsýslu,“ segir Haukur.

Doktor Þóra Pétursdóttir, dósent í fornleifafræði og menningararfsfræðum við Oslóarháskóla, skrifar Lilju Dögg ráðherra opið bréf í Fréttablaðinu í dag. Þóra bætist í hóp fjölmargra óánægðra úr fornleifa- og safnaheiminum hér á landi sem hafa gagnrýnt vinnubrögð ráðherra án þess að rýrd sé varpað á persónu Hörpu eða fyrri störf hennar. Þóra lýsir yfir vonbrigðum og óskar skýringa.

„Eins og staðið var að ráðningu

nýs þjóðminjavarðar á dögnum verður ekki séð að færi hafi verið gefið á nauðsynlegri umræðu,“ skrifar Þóra.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að ráðningin væri hneyksli. Ýmis félög og samtök innan geirans hafa sent frá sér harðorðar yfirlýsingar síðustu daga.

Þrjár síðustu ráðuneytisstjórar hafa með sömu aðferð og Lilja skipar þjóðminjavörð nú verið handvaldir með tilfærslu embættismanna án auglýsingar. 36. grein starfsmannalaga sem heimilar slíkt er undanþáguákvæði.

Lilja var vegna ferðalaga ekki sögð hafa tök á að svara spurningum Fréttablaðsins með beinum hætti. Í svörum ráðuneytis kom fram að Harpa Þórsdóttir hefði áður en hún varð safnstjóri Listasafns Íslands stýrt safnastarfi og tekið þátt í umbreytingarferlum. Hún þekki vel til opinberrar stjórnsýslu og hafi starfað sem stjórnandi safna um árabíl og menntað sig sérstaklega í breytingastjórnun.

„Með tilliti til farsællar stjórnuarreyfslu, viðtækra starfa innan safnageirans og góðrar þekkingar á málefnum þjóðminjasafnsins, ákvað menningar- og viðskiptaráðherra því að nýta heimild í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til að flytja embættismann milli stofnana og skipa Hörpu Þórsdóttur þjóðminjavörð.“

„Ég kys á tjá mig ekki um málið,“ sagði Harpa Þórsdóttir, nýskipaður þjóðminjavörður, þegar viðbragða hennar var leitad. ■



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og fulltrúar samtakanna Support for Ukraine vígdu Kænugarð fyrir í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fimmtán lönd heiðrað Úkraínu með nafngift

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Fimmtán lönd hafa heiðrað Úkraínu með því að nefna eða endurnefna götur eða torg síðan innrás Rússa hófst fyrir rúmu hálfu ári síðan. Sum lönd hafa gert það tvisvar og í heildina hafa 20 staðir verið nefndir eftir Úkraínu eða Kænugarði, höfuðborg landsins.

Það var 27. apríl sem ákveðið var að torgið á horni Garðastrætis og Túngtöu fengi opinberlega nafnið Kív torg og garður þar við Kænugarður. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, hélt svo ræðu þegar athöfn því til staðfestingar fór fram 11. ágúst. Sendiráð Rússlands er þar í næsta nágrenni.

Samkvæmt úkraínska utanríkisráðuneytinu eru hin löndin Noregur, Svíþjóð, Frakkland, Lúxemborg, Tékkland, Slóvakía, Pólland, Ung-

verjaland, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Bandaríkin og Kanada. Noregur, Tékkland, Lettland, Litáen, Albanía og Kanada hafa endurnefnt götur eða torg þar sem rússnesku sendiráðin standa.

Tvær nýjustu „úkraínsku göturnar“ eru Boulevard de Kyiv í Lúxemborg og Ukrainian Way í New York borg. Þær fengu nöfn sín á miðvikudag í síðustu viku, þjóðhátíðardag Úkraínu. ■



Sex lönd hafa endurnefnt götur eða torg þar sem sendiráð Rússa stendur.



Ljósanótt

Reykjanesbær 1.- 4. september

Velkomin á björtustu fjölskylduhátíð landsins

Boðið er upp á ótrúlega fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna sem nær hápunkti á laugardagskvöldinu með stórtónleikum og flugeldasýningu.

BUBBI MORTHENS OG HLJÓMSVEIT | FLOTT | VÖK | BIRNIR

Fimmtudagur (brot úr dagskrá)

Setning Ljósanætur | Ofurhetjur á bókasafninu
Tívolítæki | Vatnaboltar | Ljósanæturhlaupið
Dorgveiðikeppni | Sundlaugarpartý Fjörheima
Hér sit ég og sauma | Tolti opnar sýningu
Opin söngstund í Ráðhúsinu | Opnun sýninga
í Duus Safnahúsum og um allan Reykjanesbæ

Föstudagur (brot úr dagskrá)

Kjötsúpa frá Skólamat | Götupartý á útisviði
Fjölbreyttir tónistarviðburðir á veitinga- og
skemmtistöðum bæjarins | Verslanir opnar lengur
Í holtunum heima - bakgarðstónleikar
Heimatónleikar í gamla bænum | Ljóðalestur

Laugardagur (brot úr dagskrá)

Árgangaganga | syngjandi sveifla í Duus
Hestateyming | Húllafjör | Veltibíllinn
Ávaxtakarfan | BMX brós | Metal tónleikar
Rauðvínsjóga í Listasafni Reykjanesbæjar
Ljósanæturball í Hljómahöll | Jazztónleikar
Akstur glæsikerra og bifhjóla | Stórtónleikar

Sunnudagur (brot úr dagskrá)

Leiðsögn í Listasafninu | Húllahringjagerð
Ljósanæturholmfótið | Barnabröns
Lay Low og Elíza Newman í Kirkjuvogskirkju
Opið hús hjá Fimleikadeild Keflavíkur
Bítlamessa | Slökkviliðsminjasafnið

Reykjanesbær iðar af lífi á Ljósanótt þar sem bæjarbúar og viðburðahaldarar standa fyrir einstaklega spennandi viðburðum. Hér eru nokkur dæmi um hljómsveitir og tónlistarfólk sem troða upp á hátíðinni.

**KK | PÁLMI & MAGGI EIRÍKS | MÁR GUNNARSSON | GUS GUS | DIMMA | ACIDUS
CANIS | KAEMERA | PÁLL ÓSKAR | MAGGA STÍNA | VALDIMAR | EMMSJÉ GAUTI
LAY LOW | ELIZA NEWMAN | LIZT | HREIMUR | THE VINTAGE CARAVAN | STNY
BIRGITA HAUKDAL | MAGNI | MIDNIGHT LIBRARIAN | BJARTMAR GUÐLAUGSSON
HERBERT GUÐMUNDSSON | MOSKVÍT | HILDUR HLÍF | SVERIR BERGMANN | EYFI
MAGNÚS KJARTANSSON | MARÍNA ÓSK & KJARTAN VALDEMARSSON | STJÓRNIN
ARON CAN | GUÐRÚN ÁRNÝ | RAGGA GÍSLA | STUÐLABANDIÐ | DJ YAMAHO | DEMO**

Kynntu þér alla dagskrá Ljósanætur á www.ljosanott.is





Góðvinirnir Pútín og Shojú. Seingangur í innrásinni kann að hafa valdið því að vináttan hefur kólnað.

Ráðherra ýtt til hliðar af Pútín

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Talið er að Sergej Shojú, varnarmálaráðherra Rússlands, hafi að mestu verið ýtt til hliðar frá ákvarðanatöku í málefnum sem tengjast innrás Rússa í Úkraínu. Breska varnarmálaráðuneytið hafði í gær eftir óháðum rússneskum fjölmiðlum að Vladímír Pútín Rússlandsforseti tæki nú við skýrslum af vígvellinum frá herforingjum sínum án milligöngu Shojú.

Shojú hefur verið varnarmálaráðherra frá árinu 2012 og var áður ráðherra neyðarástandsmála frá 1991 til 2012. Lengi hefur mikil áhersla verið lögð á vináttu Shojú og Pútíns, sem fara gjarnan saman í frí og hafa birt myndir af sér í fjallgöngum, á veiðum og á göngu um rússneska barrskógabeltið.

Nú kann Shojú hins vegar að vera að súpa seyðið af takmörkuðum árangri rússneska hersins í Úkraínu. ■



Pakistarar ösla í gegnum vatn eftir úrhellisrigningu í Kamber Shahdadkot-umdæminu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Yfir þúsund látin af völdum flóða

thorgrimur@frettabladid.is

PAKISTAN Tala staðfestra dauðsfalla í Pakistan frá því í júní vegna hamfarafloða þar í landi fór í gær yfir eitt þúsund. Ríkisstjórn landsins hefur lýst yfir neyðarástandi og biðlað til alþjóðasamfélagsins um neyðarhjálp. Sherry Rehman, loftslagsráðherra Pakistan, varaði við því að allt að þriðjungur landsins gæti farið undir vatn.

„Við erum þessa stundina í miðju öfgakenndra veðurfyrirbrigða, óþrjótandi rada hitabylgna, skógarelda, skyndiflóða, jökulvatnshlaupa og flóða af öðrum toga,“ sagði Rehman.

Rehman tengdi hamfarirnar við loftslagsbreytingar og benti á að hlýnandi loftslag hefði hraðað bráðnun jökla í Pakistan og þannig margfaldað áhrif úrhellisrigningar.

Samkvæmt pakistönskum stjórnvöldum hafa að minnsta kosti 700.000 heimili verið lögð í rúst vegna flóðanna. Auk þeirra rúmlega þúsund sem hafa látist hafi milljónir hrakist á vergang. Fyrsta erlenda neyðarhjálpin kom til Pakistan á sunnudaginn með flugvélum frá Tyrklandi og Sameinuðu arabísku furstadæmum. Þær báru meðal annars tjóld, matvæli og aðrar nauðsynjavörur. Rauði hálfmáninn í Katar hefur einnig lofað því að koma með hjálpargögn. ■

Fýluferð í Flórída



Hætt var við geimskot Artemis-áætlunarinnar sem fara átti fram í gær. Fjöldi fólks var mættur að Kennedy-geimmiðstöðinni í Flórídafylki til að fylgjast með skotinu en hætt var við það 40 mínútum áður en það átti að gerast. Bilun varð í einum af fjórum hreyflum eldflaugarinnar á Orion-geimfarinu sem er ómann-að. Ekki verður hægt að skjóta flauginni á loft fyrir en á föstudag. Prófanir á hreyflum munu ráða því hvort það verði gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Segja að horfa megi til betri tíðar eftir höfuðdag hvað veðrið varðar

Eftir sumar sem einkenndist helst af kulda og rigningu má búast við að spennandi tíð með hlýindum komi til landsins í september. Fréttablaðið fékk tvo veðurfræðinga til að spá í spiln og fara aðeins yfir sumarið, sem er þó ekki allveg búið.

ragnarjon@frettabladid.is

VEÐUR Höfuðdagur var í gær, þann 29. ágúst, og hefur lengi verið sú þjóðtrú að með höfuðdegi komi fram veðurbreytingar sem haldist næstu þrjár vikur á eftir. Yfirleitt var trúin sú að hefði veður verið þrálátt með einhverjum hætti myndi höfuðdagur bera breytingar á því í skauti sér. Fréttablaðið fékk tvo veðurfræðinga til að lesa í skýin og meta það sem af er sumri.

„Það er misjafnt hvað fólk telur vera gott sumar en oftast er fólk að spá í hita, úrkomu og sólskin,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, yfirleitt þekktur sem Siggí stormur. „Það má kannski segja að þetta sumar hafi verið í lakari kantinum þó fram undan séu spennandi hlýindi þegar horft er aðeins inn í september,“ segir Sigurður og bendir á að sumarið sé hvergi nærri búið enda teljist september vera sumarmánuður.

Ef horft er yfir sumarið í heild segir Sigurður það hafa verið nokkuð úrkomusamt og bendir hann fyrst á júní.

„Úrkomudagar í Reykjavík í júní voru 18 talsins sem skiluðu 66 millimetra úrkomu sem er yfir 52 prósentum meira en í meðalári. Í fyrra í sama mánuði voru úrkomudagarnir 20 en skiluðu aðeins 39 millimetrum af úrkomu,“ segir Sigurður og svipada sögu sé að segja frá Akureyri. „Þar voru úrkomudagarnir 21



Sólskinsdagarnir voru fáir í júní og júlí en september gæti komið á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Heilt yfir séð hefur þetta sumar verið kalt og úrkomusamt, meira en gengur og gerist



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur

núna í júlí en 8 í fyrra. Í ár skiluðu þeir 47,5 millimetrum af sér en 12 millimetrum í fyrra,“ segir Sigurður.

„Heilt yfir séð hefur þetta sumar verið kalt og úrkomusamt, meira en gengur og gerist,“ segir Sigurður.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur tekur í sama streng og segir að vissulega hafi sumarið verið nokkuð rýsjótt.

„Það er þessi þráláti kuldapollur í háloftunum sem hefur stjórnað veðrinu hérna og gert það að verkum að ansi svalir dagar koma inn á milli. Hljú dagana hefur svo eiginlega allveg vantað þangað til nú,“ segir Einar sem segir hlýindi á leiðinni og bendir á að hjátrúin á höfuðdag eigi sér ákveðna vísindalega skírskotun.

„Hjátrúin var sú að á höfuðdegi yrðu breytingar og ef veður var þrálátt með einhverjum hætti vikurnar á undan að þá kæmu fram breytingar þennan dag,“ segir Einar. „Það á sér allveg vísindalega skírskotun. Því um þetta leyti eða síðustu dagana í ágúst þá byrja vestanvindarnir í háloftunum að herða á sér.“ ■

Ráðstefna um skyndilegan missi

31. ágúst kl. 13-16

Salur í deCODE og í streymi

Skráning á tix.is

Dagskrá

Fundarstjóri: Freyr Eyjólfsson

12:30 - 13:00

Skráning og afhending
ráðstefnugagna

13:00 - 13:10

Setning ráðstefnu

*Alma Möller landlæknir og
verndari Sorgarmiðstöðvar*

13:10 - 13:25

Sorgarorlof - tilurð og hagnýtar
upplýsingar

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Félags- og vinnumálaráðherra*

13:25 - 13:40

Tölur og staðreyndir

*Anton Örn Karlsson deildarstjóri
hjá Hagstofunni*

13:40 - 13:55

Á vettvangi skyndilegs andláts

*Stefnir Snorrason varðstjóri hjá
Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins*

13:55 - 14:15

Kaffihlé

14:15 - 14:35

Sálræn fyrsta hjálp

*Álfheiður Svana Kristjánsdóttir og
Elfa Dögg Leifsdóttir verkefnastjórar
hjá Rauða krossinum*

14:35 - 14:50

Viðbragðsáætlun á vinnustað

*Inga Berg Gísladóttir verkefnastjóri
hjá Embætti landlæknis*

14:50 - 15:05

Reynsla af skyndilegum missi

Kolbeinn Elí Pétusson aðstandandi

15:05 - 15:20

Hjálp48 verkefnið

*Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir
fagstjóri Sorgarmiðstöðvar*

15:25 - 16:00

Pallborðsumræður

16:00

Ráðstefnuslit

Byssueign vekur óhug



Elin
Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Það var ógleymanlegt að sjá þegar fjöldi fólks safnaðist saman á Blönduósi, myndaði hring í kringum hlaupa-brautina í bænum, kveikti á kertum og ungir og aldnir héldust í hendur. Þessi áhrifamikli atburður var haldinn í þeim tilgangi að sýna þeim samhug sem eiga um sárt að binda vegna voðaverkanna sem framin voru í hinu litla samfélagi og lýsir vel þeim sáru tilfinningum sem allir landsmenn finna fyrir.

Skotárásin á Blönduósi veður margar spurningar um okkar friðsæla samfélag. Þar er ekki allt sem sýnist. Staðreyndin er nefnilega sú að hér á landi eru skráðar tæplega 87 þúsund byssur auk þeirra fjölmörgu skotvopna sem gera má ráð fyrir að séu óskráð og ólöglega fengin. Þessar háu tölur vekja sannarlega óhug. Þar að auki hefur innflutningur á sjálfvirkum vopnum aukist gríðarlega á fáum árum. Með sjálfvirkum skotvopni er átt við byssu sem skjóta má úr röð skota með því að taka einu sinni í gikkinn. Árið 2022 var einstakt í sögunni þegar um 250 sjálfvirkir riffilar voru fluttir inn hingað til lands á grundvelli svokallaðs safnaraleyfis.

Börn eru ekki óhult. Ekki er lengra síðan en nokkrar vikur að karlmaður á sjötugsaldri skaut á tvo bíla fyrir utan fjölbýlishús í Hafnarfirði. Í öðrum þeirra var sex ára drengur ásamt pabba sínum á leið í leikskólann.

Ráðamenn eru ekki óhultir. Skotið var á bíl Dags B. Eggertssonar borgarstjóra fyrir utan heimili hans í fyrra en tvö kúlnagöt fundust í afturhurð bílsins og byssukúlurnar innan í hurðinni. Þetta veður líka þá áleitnu spurningu hvort fólk sem gegnir opinberum stöðum á Íslandi eigi á hættu að verða fyrir slíkum árásum.

Skipulögð glæpastarfsemi er orðin raunveruleg ógn í samfélaginu og sagan sýnir að slíku athæfi fylgir beiting skotvopna. Maður var myrtur fyrir utan heimili sitt í Rauðagerði: skotinn níu sinnum. Hinn myrti sem var fjölskyldufaðir hafði lagði bílnum í bílskúrnum og var á leið inn á heimilið þegar árásin var gerð. Talið er að morðið tengist einhvers konar uppjöri í undirheimunum.

Sem betur fer hefur Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra boðað endurskoðun á skotvopnalöggjöfni á Alþingi í haust þar sem hann mun leggja fram frumvarp til breytinga á henni. Ráðherrann gerir sér grein fyrir því eins og allir landsmenn að nýir tímar eru runnir upp. Bara það að á þessari fámennu friðsömu eyju skuli vera að finna skotvopni í tugþúsunda tali er náttúrulega galið. ■

”
Árið 2022 var einstakt í sögunni þegar um 250 sjálfvirkir riffilar voru fluttir inn hingað til lands á grundvelli svokallaðs safnaraleyfis.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Formennskan farin

Fjaðrirnar reyntast af Sjálfstæðisflokknum sem lengi hefur gengið að völdunum svo vísum að stappað hefur nærri náttúrulegumáli að hann haldi um taumana. Ekki einasta virðist Flokkurinn vera búinn að jata sig endanlega sigraðan í borginni við sundin blá, heldur er samfelldri formennsku í Samtökum íslenskra sveitarfélaga lokið, en engin önnur stjórnmaláhreyfing hefur átt leiðtogastöðuna þar jafn vísa, gott ef Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var ekki kjörinn formaður samtakanna án mótatkvæða í 16 ár. En sumsé, Heiða Björg Hilmisdóttir, Samfylkingunni, lagði Rósu Guðbjartsdóttur, Sjálfstæðisflokki, um helgina – og já, þá er það farið...

Gömul saga og ný

Í skýrslu starfshóps um aðgerðir til eflingar leikskóla segir að nýta þurfi allt námspláss til að uppfylla lög um að tveir þriðju hlutar starfsmanna hafi leikskólakennarapróf. Hins vegar sé „ljóst að ekki næst að uppfylla ákvæði laganna fyrr en í fyrsta lagi árið 2041 miðað við óbreyttar forsendur, það er að því gefnu að þau 180 námspláss sem háskólarnir hafa til ráðstöfunar fyrir leikskólakennaranna verði fyllt og ekkert brottfall verði.“ Þetta er ekki ný frétt. Þetta er frétt frá árinu 2012. ■

Forréttindi útvalinna



Oddný G.
Harðardóttir
alþingismaður
Samfylkingarinnar

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Skattinum hagnast flestir af tekjuhæsta eina prósentinu af auðlindum þjóðarinnar og allir þeir sem greiða meira en 300 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt eru útgerðarmenn – nema einn. Skattur af fjármagnstekjum er 22% og ekkert útsvar rennur af þeim tekjum til sveitarfélaga. Þeir sem fá fjármagnstekjur greiða því lægri skatta en launamenn.

Samþjöppun í sjávarútvegi er mikil og fáir útgerðarísar verða stöðugt ríkari og valdameiri í samfélaginu. Við Íslendingar höldum takmörkuðu gæðunum hjá fáum útvöldum og komum okkur ekki saman um sanngjörn auðlindagjöld. Við í Samfylkingunni köllum eftir breytingum og einfaldasta leiðin að réttlætunin er útboð á aflaheimildum. Að á hverju ári haldi kvótahafar 95% af úthlutuðum kvóta en 5% fari í útboð með leigusamningum til ákveðins tíma. Þar með finnum við verðið sem útgerðirnar eru í raun tilbúnar til að greiða fyrir veiðheimildir og opnum fyrir nýliðun í greininni. Auðvelt er að semja útboðsreglu sem draga úr samþjöppun og gæta að byggðasjónarmiðum.

Útboð eru hin almenna regla og viðhöfð þegar ríkið úthlutar réttindum eða verkefnum til fyrirtækja, hvort sem úthluta á takmörkuðum gæðum líkt og losunarheimildum og tíðnisviði eða úthlutun stórframkvæmda og veitingu sérleyfa í samgöngum. Forréttindaúthlutun sem tíðkast í sjávarútvegi gengur gegn stefnu jafnaðarmanna.

Í dag greiða útgerðirnar rúmar 17 krónur í veiðigjald fyrir kíló af þorski sem rennur í ríkissjóð en leiguverðið er rúmar 400 krónur samkvæmt vef Fiskistofu um aflamarksviðskipti, útboði útgerðanna sín á milli. Þar gilda markaðslögmálin og krónurnar renna í vasa útgerðarmanna og þaðan í vasa erfingja þeirra líkt og stærsti hluti arðseminnar af nýtingu auðlindarinnar. Og óréttlætið og ójöfnudurinn viðhelt og erfist.

Stjórnvöld þurfa að standa í lappirnar og hafa kjark til að breyta lögum um tengda aðila sjávarútvegsfyrirtækja, vinna gegn samþjöppun, koma á útboði á aflaheimildum til að gera nýliðun mögulega og fá sanngjarnt veiðigjald í ríkissjóð. ■

”
Samþjöppun í sjávarútvegi er mikil og fáir útgerðarísar verða stöðugt ríkari og valdameiri í samfélaginu.

Októberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Opið bréf til ráðherra, Lilju Daggar Alfreðsdóttur, varðandi skipan í embætti þjóðminjavarðar



Dr. Þóra Pétursdóttir
dósent í fornleifafræði og menningararfsfræðum við Oslóarháskóla

Með þessu opna bréfi vil ég annars vegar lýsa yfir vonbrigðum með það hvernig staðið var að ráðningu nýs forstöðumanns þjóðminjasafns Íslands á dögnum og hins vegar fara þess á leit við ráðherra að hún útskýri hvers vegna þessi leið var farin við skipan í embættið. Ég vil jafnframt undirstrika að ég drag ekki í efa að Harpa Þórsdóttir sé embættinu vaxin. Óánægja mín beinist ekki gegn henni.

Eins og fram kemur í frétt um skipanina á vef Stjórnarráðsins er þjóðminjasafn Íslands eitt höfuðsafna landsins og þar með á meðal víðamestu menningarstofnana þjóðarinnar. Hér er stór hluti menningararfs þjóðarinnar varðveittur, hér fara fram rannsóknir á sögu og efnismenningu og jafnframt mikilvæg miðlun þekkingar til almennings. Safnið er því allt í senn varðveislustofnun, mennta- og rannsóknastofnun. Enda þótt safnið lúti lögum um bæði þjóðminjasafn og menningararf er þó ekkert þessara hlutverka rist í stein. Söfn

”

Það ætti því að vera sjálfsagt í lýðræðisríki að ráðning í slíka valdastöðu fari fram með faglegum hætti, þar sem umræða um framtíðarsýn er opin og gagnrýnin.

eru nefnilega framsæknar stofnanir sem leggja sig fram um að svara kalli samtímans hverju sinni. Á heimsvísu eru söfn á borð við þjóðminjasafn Íslands til dæmis að kljást við spurningar um hvernig þeim beri að bregðast við málefnum fjölmennings og hvert hlutverk þeirra sé í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, eða hvernig þau geti sett gott fordæmi í sjálfbærni. Hvaða áhrif eiga þessar þættir, sem brenna á okkur öllum, að hafa á safnastefnu, rannsóknir og þekkingarmiðlun? Sem eitt af höfuðsöfnum íslensks menningararfs hefur stefna þjóðminjasafns Íslands í þessum málum jafnframt áhrif á fjölbreytt fagsvið

menningararfsfræða í landinu í heild.

Það er ekki síst á tímamótum sem þessum, þegar skipa á nýjan leiðtoga fyrir safninu – og slík tímamót hafa alls ekki verið mörg í sögu þess – að færi gefst til að setja þessar mikilvægu spurningar á oddinn. Hvert viljum við stefna? Hvar viljum við leggja áherslurnar? Hverju viljum við breyta? Í framhaldinu er þá líka eðlilegt að spyrja, hvers konar leiðtoga þarf safn eins og þjóðminjasafn Íslands? Hvaða bakgrunn og menntun er æskilegt að viðkomandi hafi? Auðvitað eru þessar spurningar alltaf mikilvægar, en á tímamótum sem þessum ætti að hvetja til þeirra á breiðum grunni. Eins og staðið var að ráðningu nýs þjóðminjavarðar á dögnum verður ekki séð að færi hafi verið gefið á nauðsynlegri umræðu.

Að eiga aðgang að safni eins og þjóðminjasafni Íslands eru forréttindi. En það felst líka mikið vald í því að geta sett mark sitt á það hvernig fortið þjóðar er varðveitt og miðlað til komandi kynslóða. Það ætti því að vera sjálfsagt í lýðræðisríki að ráðning í slíka valdastöðu fari fram með faglegum hætti, þar sem umræða um framtíðarsýn er opin og gagnrýnin. Ég fer þess á leit við ráðherra að hún útskýri hvaða málefnalegu ástæður liggja að baki því að þetta var ekki haft að leiðarljósi við ráðninguna. ■

Leikskólamálmál í samhengi



Skúli Helgason
borgarfulltrúi og formaður stýrihóps um leikskólauppbyggingu í Reykjavík

Mikil umræða hefur skapast um leikskólamálmál í Reykjavík. Tilefnið eru tafir á inntöku yngstu barnanna í haust en spár frá því í mars gerðu ráð fyrir að hægt yrði að bjóða 12 mánaða börnum leikskólapláss í haust í fyrsta sinn í sögunni. Nokkrir samverkandi þættir hafa seinkað þeirri áætlun, þar sem vega þyngst mun fleiri nýjar umsóknir eftir stóru innritun haustsins eða 360 borið saman við 205 í fyrra og 93 árið áður. Í öðru lagi hefur þurft að loka á annað hundrað plássum í eldri leikskólum borgarinnar vegna mikilla viðhaldsframkvæmda. Í þriðja lagi urðu tafir á nýframkvæmdum vegna stöðu á heimsmarkaði og þenslu á innlendum byggingamarkaði sem sömuleiðis hefur valdið mikilli verðbólgu í tilbod verkta. Við hörmum mjög þessa töf og höfum gripið til ýmissa aðgerða til að vega upp á móti og koma til móts við foreldra sem hafa orðið fyrir barðinu á henni. Við hröðum opnun leikskóla við Nauthólsveg, fjölgum plássum með því að nýta eldra húsnæði borgarinnar fyrir leikskóla s.s. í Korpu og Bakka, hefjum undirbúning nýrra leikskóla í Fossvogi og við Suðurlandsbraut, eflum dagforeldraferið o.s.frv.

Uppbygging á fullri ferð

Uppbygging nýrra leikskóla er áfram á fullri ferð. Þrír nýir leikskólar hafa verið opnaðir á þessu ári: við Eggertsgötu, Brietartún og Kleppsveg og þrjár til viðbótar opna fram til áramóta miðað við nýjustu

”

Við munum áfram vinna að því að bæta starfsumhverfi leikskólanna.

áætlanir: við Nauthólsveg í september, Ármúla í október og Vogabyggð í desember. Þá stækka þrjár eldri leikskólar borgarinnar á þessu ári; Gullborg, Funaborg og Hagaborg. Alls verður hægt að bjóða a.m.k. um 600 börnum í þau nýju pláss sem opnast í ár og á næsta ári stefnir í svipaða aukningu. Brúum bilið verkefnið felur í sér fjölgun um rúmlega 2.000 leikskólarými í heild.

Stærsta áskorunin

En verkefnið er margslungið og stærsti vandi leikskólastigsins á Íslandi er skortur á fagfólki en allan síðasta áratug hefur aðsókn í kennaranám verið langt undir nýliðunarþörf en aðsóknin féll um ríflega 70% eftir að námið var lengt úr 3 árum í 5 með samþykkt Alþingis. Aðsóknartölur allra síðustu missera lofa reyndar góðu en betur má ef duga skal. Önnur afdrifarík ákvörðun ríkisins var samþykkt um eitt leyfisbref kennara óháð skólastigi en í aðdraganda löggildingar þess brast flótti í hóp leikskólakennara sem södluðu um í stórum stíl og hófu störf í grunnskólum. Alls fækkaði um 200 leikskólakennara við þetta sem var gríðarleg blóðtaka fyrir leikskólana í landinu. Það er eitt brýnasta samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga að bregðast

við þessum atgervisflótta leikskólakennara með því að bæta starfsskilyrði þeirra, jafna aðstöðumun gagnvart grunnskólum og beita öflugri hvötum til að laða fleira ungt fólk í námið.

Bætt starfsumhverfi í Reykjavík

Reykjavík hefur tekið forystu í því að bæta starfsumhverfi leikskólanna með fjölmörgum umbótaáðgerðum á síðustu árum og mun halda því áfram. Við höfum m.a. fjölgað starfsfólki, fækkað börnum í hverju rými, aukið undirbúnings tíma og fjármagn í faglegt starf samhlíða því að bæta launakjör, stytta opnunartíma og auka fjármagn í viðhald húsnæðis.

Það er tímabært að skoða leikskólastigið í landinu í stærra samhengi. Sterk rök hníga að því að lengja enn frekar fæðingarorlofið og gefa þeim foreldrum sem það kjósa kost á að vera með börnum sínum til 2 ára aldurs eins og þekkist á Norðurlöndunum. Skynsamlegt er að ná breiðri samstöðu um styttri vistunartíma yngstu barnanna til samræmis við styttingu vinnuvikunnar og fyrir því eru ýmis fagleg rök. Samspil lengra fæðingarorlofs og styttri vistunartíma yngstu barnanna myndi efalítið stuðla að betra samfélagi að minnsta kosti meðan meiri árangur næst í að fjölga fagfólki í leikskólum.

Þrátt fyrir fjölmargar áskoranir er leikskólastarf í Reykjavík með miklum ágætum þökk sé frábærum stjórnendum og starfsfólki, ánægja foreldra með starfið mælist ítrekað um 90%, leikskólagjöld eru með þeim lægstu í landinu og vinnuumhverfi starfsfólks og barna hefur batnað verulega. Við munum áfram vinna að því að bæta starfsumhverfið og renna styrkari stöðum undir leikskólastarfið í borginni samhlíða því að koma betur til móts við þarfir ung barnafjölskyldna í borginni. ■

STÓLA DAGAR

18. - 31. ágúst

20%
afsláttur
af öllum
stólum



AVIGNON

hægindastóll með skammel

Stíllanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú 159.920 kr.



KOLDING

hægindastóll með skammel

Stíllanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 169.900 kr.

Nú 135.920 kr.

CANNES hægindastóll með skammel

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Kóniaksbrúnt, svart, grátt eða rautt leður.

Fullt verð: 199.990 kr.

Nú 159.992 kr.



BUFFALO lyftistóll - rafdrifinn

Leður á slitflötum. Hægt að halla baki. Aðstoðar þig á fætur. Brúnn, grár eða svartur. 84 x 94 x 110 cm.

Fullt verð: 229.900 kr.

Nú 183.920 kr.



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

*Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtgöðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

Er ekki bara best að treysta þjóðinni?



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir þingmaður Viðreisnar

Á fríðartímum eru varnarmál ekki efst í huga fólks. Það er ekki fyrr en örygginu er ógnað sem við leiðum flest hugann að því hver merking öryggis er. Og þá verður augljóst að í raun hvílir allt annað á því að við búum við nægilegt öryggi. Þegar stríð er aftur veruleiki í Evrópu verða þjóðarleiðtogar þess vegna að ræða hvaða áhrif breytt heimsmynd hefur á hagsmunum þjóðar. Innrás Rússlands í Úkraínu er blóðug árás á frjálst og fullvalda ríki en hún er um leið árás á alla Evrópu. Það sjáum við birtast í samstöðunni með Úkraínu, efnahagsþvingunum af áður óþekktum þunga og sögulegum aðgerðum til stuðnings Úkraínu. Samstæðan á Alþingi hefur verið sterk. En eftir stendur að ræða hagsmunum Íslands í kjölfar breyttrar heimsmyndar.

Hagsmunamat í breyttum heimi Stríðið hefur haft mikil áhrif á evrópsk stjórnsmál og hagsmunamat Evrópuþjóða. Finnar og Svíar tóku í kjölfarið sögulegt skref og sóttu um aðild að NATO og þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram í Danmörku þar sem danska þjóðin ákvað að taka þátt í varnarsamstarfi Evrópusambandsins. Samtal fór fram í nágrannaríkjunum vegna þess að hagsmunir ríkjanna kröfðust þess. Þetta samtal fór ekki bara fram vegna þess að allir stjórnsmálaflokkar væru allir sammála eins og virðist vera krafa ríkisstjórnarinnar. Það megi bara ræða Evrópumál þegar meirihluti er fyrir því að sækja um aðild á Alþingi.

Viðhorf almennings hafa breyst og nú er rúmur helmingur þjóðarinnar hlynntur aðild að Evrópusambandinu. Stuðningur við aðild er alltaf að aukast og aukast. Árás Rússlands á Úkraínu hefur aukið skilning á að nauðsyn þess að standa vörð um frið og frelsi í Evrópu. Ættu ekki allir stjórnsmálaflokkar að sameinast um að fram fari pólitískt samtal um áhrif stríðsins í Evrópu á öryggis- og varnarsmál Íslands? Er ekki ástæða til að ræða einmitt núna hvað það þýðir fyrir herlaust smá-ríki að tilheyra NATO en ekki Evrópusambandinu? Væri það ekki okkur í hag að ræða hvað frekari Evrópusamvinna þýðir fyrir Ísland og meta kosti og ókosti aðildar út frá því? Á Íslandi hefur samt sem áður engin raunveruleg rökræða átt sér stað um nýja stöðu landsins í breyttum heimi og Evrópumálin hafa litla sem enga umræðu fengið í því sambandi. Þessir grundvallarhagsmunir eru ekki til umræðu við ríkisstjórnarborðið.

Þögnin er engum í hag

Svör við stórum spurningum eru ekki endilega einföld en umræðan verður að eiga sér stað á Íslandi eins og annars staðar. Við eigum allt undir því að alþjóðalög séu virt. Þeir stjórnsmálaflokkar sem eru á móti þátttöku Íslands í ESB eiga ekki að fordást þetta samtal eða hræðast það. Þessir flokkar ættu miklu frekar að fagna rökræðunni. Það er fátíðlegt að stinga



Evrópusambandið er í grunninn friðarsamband og nágrannaríki okkar í Evrópu eru ekki í neinum vafa um mikilvægi samstarfsins fyrir eigið öryggi.

höfðinu bara í sandinn með línunum um að umræða um Evrópumál séu ekki á dagskrá. Og að Evrópuhugsjónin eigi ekki erindi við fólk í landinu. Við ættum að fylgja forðæmi nágrannaþjóða okkar sem hafa leitað samráðs við almennings og tekið þýðingarmikil skref til að tryggja betur eigin hagsmunum.

Afstaða Viðreisnar er að hagsmunum íslensku þjóðarinnar sé betur borgið í nánara samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir innan Evrópusambandsins – þaðan sem svo margar réttarbætur hafa þegar komið. Meira efnahags- og viðskiptasamstarf myndi hafa mikla þýðingu fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og á þessum óvissutímum skiptir öllu máli að efla samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála. Við getum styrkt stöðu okkar innan NATO á sama tíma og við eflum samstarf okkar við þjóðirnar innan Evrópusambandsins. Eitt útilokar

ekki annað í þessu samhengi heldur þvert á móti. Við höfum talað fyrir því að taka þetta síðasta skref með fullri aðild Íslands að Evrópusambandinu en um leið er afstaða okkar alveg skýr um að þessa stóru ákvörðun á þjóðin sjálf að taka. Við viljum að þjóðin fái að meta og ákveða það sjálf hvort hún telur hagsmunum sínum betur borgið þar inni eða fyrir utan.

Mikilvægi samvinnunnar

Eftir síðari heimsstyrjöld skildu lýðræðisþjóðirnar að friður yrði ekki bara tryggður með hervörnum heldur líka einfaldlega með náinni samvinnu. Það gerir Evrópuhugsjónina svo fallega. Evrópusamvinnan hefur tryggt Evrópu frið í áratugi. Evrópusambandið er í grunninn friðarsamband og nágrannaríki okkar í Evrópu eru ekki í neinum vafa um mikilvægi samstarfsins fyrir eigið öryggi. Nágrannaríki Rússlands í Evrópu sem núna sækjast eftir aðild skilja það líka. Samtalið um hagsmunamat hefur farið fram í nágrannaríkjunum. Það hefur styrkt stöðu þessara ríkja sem nú starfa eftir skýrari stefnu en áður. Þar heyrast ekki að þjóðaratkvæðagreiðslur séu tóm vandræði eins og hér hefur verið sagt.

Hvað er svona hættulegt við umræðuna? Eða við það að þjóðin fái að taka ákvörðun á þjóðaratkvæðagreiðslu? Það er þvert á móti þögnin sem er hættuleg. Er ekki bara best að treysta þjóðinni? ■

Bull og blekkingar – framhald



Birkir Leósson endurskoðandi

Grein þessi er í framhaldi af grein minni sem birtist 23. ágúst og er til að sýna fram á fátíðlegar og rangar ályktanir hagfræðiprófessors í grein hans 17. ágúst.

Þar setur prófessorinn fram umfangsmikla samsæriskenningu og segir: „Það er freistandi að álykta sem svo að sjávarútvegsfyrirtækin hafi valið að horfa fram hjá leiðbeiningum Alþjóðareikningsskilarsins vegna þeirra skattalegu afleiðinga sem rétt meðferð úthlutunar aflaheimilda í ársreikningi hefði ella haft. Endurskoðendur fyrirtækjanna hafa síðan blessað þessa aðferðafræði stjórnenda fyrirtækjanna með áritun sinni, vissulega með góðri aðstöðu Alþingis.“

Í raun liggja skattyfirvöld hér undir ásökun um að hafa sett kíkinn fyrir blinda augað og haft af íslenska ríkinu tugi milljarða í skattfé og þannig aðstæðnað skattþegna við stórfelld skattundanskot. Íslensk lög gilda um skattlagningu hér á landi en ekki alþjóðlegur staðall. Af hverju er svona „freistandi“ fyrir hagfræðiprófessor að álykta á þennan veg? Samsæri prófessorsins krefst þátttöku mikils fjölda manna og lýsir vel glóruláusu hugarfari hans.

Í grein sinni segir prófessorinn í umfjöllun um eignfærðar keyptar aflaheimildir: „Þegar varanlegar aflaheimildir eru seldar lækkar þessi tala. Vegna þess að úthlutaðar aflaheimildir eru ekki tilgreindar á þessum lið gæti sú staða komið upp að varanlegar aflaheimildir væru neikvæð stærð í efnahagsreikningi sjávarútvegsfyrirtækis í fullum rekstri! Ekki mikil skynsemi í slíkri reikningsfræðislu.“

Vanþekking hagfræðiprófessorsins á bókhaldi er slík að hann veit ekki það grundvallaratriði að það myndast hagnaður eða tap í rekstrarreikningi við sölu eigna þegar söluverð er annað en þær eru bókaðar á, en aldrei neikvæð stærð í efnahag!

Jafnvel þegar prófessorinn kemst



réttilega að þeirri niðurstöðu að ekki væri mikil skynsemi í ályktun sinni þá hvarflar samt ekki að honum að ályktunin sé röng. Hvar er fræðimennskan?

Í grein sinni 15. júlí hélt prófessorinn því fram að eignfæra ætti eignir á markaðsverði í efnahagsreikningi þannig að bókfært eigið fé sýndi raunvirði félaga því annars væri ársreikningur rangur. Flestar ályktanir og ásakanir hans í greininni og næstu greinum byggðu meðal annars á þeirri ranghugmynd hans. Þegar honum var bent á að þetta væri misskilningur hjá honum og meðal annars að eitt verðmætasta félag í heimi, Apple Inc., færir ekki eignir sínar á markaðsverði í efnahagsreikningi frekar en önnur þá er það skýndilega engin nauðsyn, enda liggja markaðsverð eigna Apple ekki fyrir og þær séu svo sérstakar.

Staðreyndin er að ef félög mættu færa allar eignir sínar á markaðsverði þannig að bókfært eigið fé sýni raunvirði þá væri það einfaldast fyrir fyrirtæki sem eru skráð á hlutabréfamarkaði þar sem markaðurinn metur virði félagsins og þar af leiðandi rekstrarvirði eigna þess.

Prófessorinn vill að íslensk félög, að minnsta kosti sjávarútvegsfélög, stundi þá fjárglæfra að meta eignir þannig að bókfært eigið fé

sé stórkostlega ofmetið miðað við rekstrarvirði þeirra. Sala slíks félags á raunvirði telur hann vera gjöf til kaupanda. Ótrúlega ófagleg afstaða, raunar rugl.

Slík skapandi reikningsskil (creative accounting) voru einfaldlega bönnuð í Bandaríkjunum og víðar eftir hlutabréfahrunið mikla 1929. En prófessorinn þykist vita betur. Hefði hann kynnt sér málið hefði hann áttað sig á hversu langt reikningsskilastaðlasmíðir eru frá því að heimila að óefnisleg réttindi séu bókfærð á markaðsverði. Bandarískir reikningsskilastaðlar heimila ekki einu sinni eignfærslu kostnaðar við þróun óefnislegra eigna innan fyrirtækja, þrátt fyrir að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar heimili slíkt að uppfylltum ströngum skilyrðum. Prófessorinn fullyrðir að eftir árið 1997 hafi ekki verið heimilt að afskrifa aflaheimildir. Enn opinberar hann vanþekkingu sína. Umrædd breyting var á skattalögum en ekki á reikningsskilareglum sem er sitthvað. Honum virðist einnig ókunnugt um virðisrýrnunarpróf og niðurfærslur (afskrift) aflaheimilda ef rekstur félags stendur ekki undir bókfærðu verði þeirra eða þegar veiðar á ákveðinni fisktegund eru gefnar frjálssar og takmarkandi aflahlutdeild felld niður.

Prófessorinn telur að tonn af þorski sem hefur að einhverjum hlut verið afskrifað í bókhaldi sé allt annað en tonn af þorski sem ekkert hefur verið afskrifað, segir þar epli lögd að jöfnu við appelsínur og það sé „absúrd“. Þrátt fyrir þessa fullyrðingu prófessorsins leggur hann í opinberri umræðu ítrekað að jöfnu oliuvinnslu í Norge og fiskveiðar á Íslandi og finnst það ekki „absúrd“. Undarleg vísindi það.

Af hverju skyldi prófessorinn fullyrða að ég sé endurskoðandi Vísis hf. þó hann viti betur? Ég hef ekkert komið nálægt vinnu fyrir það félag eða hluthafa þess í 5 ár.

Prófessorinn kveðst vera einfaldur og með leiðinlegt tuð og vissulega er hér loksins komið eitthvað sem hægt er að fallast á með honum.

Það er einnig hægt að fallast á með honum að gott geti verið að horfa á skemmtiefni á YouTube þar sem prófessorinn styður það að koma yfir á íslenskan almennings skuldaklafa Icesave sem nokkrir starfsmenn einkafyrirtækis stofnuðu til erlendis. Hann sparaði þar ekki stóru orðin frekar en endranær. Íslensk þjóð getur þakkað fyrir að hans „góðu“ ráð voru ekki begin. ■

ALLT

Lýsing

KYNNINGARBLAÐ



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 30. ágúst 2022



Bláber eru holl og góð búbót.

Nú er berjatið

thordisg@frettabladid.is

Ber eru rík af C-vítamíni, steinefnum og andoxunarefnum og jafnvel talin hafa lækningamátt. Tilvalið er að drifa sig í berjamó og gera sultur, saft og hlaup.

Krækiber eru algeng í þurrlendi, brekkum og móum. Berin verða svört að lit fullþroska og úr þeim er gerð saft eða hlaup.

Aðalbláber eru algengust á Norðurlandi og Vestfjörðum. Þau vaxa í skógarbotnum, móum og lautum og verða fullþroska eftir miðjan ágúst, blásvört, rauð að innan og bragðmikil. Úr þeim eru gerðar sultur, hlaup og saft. Bláber eru mjög góð í bökum, en líka ein og sér með rjóma.

Fagurblá bláber finnast víða um land, sérstaklega í vot- og mólendi. Úr þeim má gera sultu, hlaup, saft og nota í bakstur, súpur og grauta.

Reyniber eru líka góð

Hrútaber finnast í skógarbotnum og gróðursælum brekkum víða um land. Þau eru fallega rauð, safamikil og súrsæt, og einstaklega góð í hlaup með villibráð.

Rifsber og sólber eru góð í hlaup, saft og sólber í sultu. Best er að tina berin áður en þau verða fullþroska, því grænjaxlar gefa hleypiefni og gott er að hafa stílka og blöð með.

Reyniber eru tínd að hausti þegar þau eru orðin fallega rauð og ekki er verra að næturfrost hafi verið áður. Reyniberjahlaup er mjög gott en leggja þarf berin í bleyti í þrjá sólarhringa og skipta um vatn daglega til að ná burtu remmubragði. ■

HEIMILD: LEIDBEININGASTOD.IS

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is



Skarphéðinn Smith er framkvæmdastjóri S. Guðjónsson en verslun fyrirtækisins er staðsett á Smiðjuvegi í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Góð lýsing og ljósabúnaður er mikilvægur þáttur í tilverunni

S. Guðjónsson hefur frá árinu 1967 boðið landsmönnum upp á fjölbreytt vöruúrval og þjónustu þegar kemur að lýsingu og ljósabúnaði. Lýsing getur haft bæði áhrif á heilsu okkar og skapað réttu heildarmyndina fyrir heimili og vinnustaði. **2**



Falleg óbein lýsing með sérstökum hornprófil.
MYNDIR/ÞSENDAR



Oft á „less is more“ við í útlýsingu. Við viljum fá samspil ljóss og skugga.

Góð vinnulýsing í eldhúsinu er mjög mikilvæg.



Svart er mjög í tisku um þessar mundir.

S. Guðjónsson er rötgróid fyrir-tæki sem hefur frá árinu 1967 flutt inn lýsingarbúnað og síðar raflagnaefni. Fyrirtækið þjónar breiðum hópi viðskiptavina, þar helst rafverktökum og rafvirkjum, rafhönnuðum, arkitektum og hönnuðum en einnig eru ýmis fyrirtæki í hópi viðskiptavina sem og einstaklingar. Í dag er fyrirtækið hluti af Fagkaupum ehf. sem er samsteypa níu rekstrareininga, sem allar starfa að mestu leyti á fagaðilamarkaði.

„Lýsing og ljósabúnaður er stór hluti af innflutningi okkar og má segja svolítið okkar DNA,“ segir Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson. „Helstu verkefni okkar gegnum tíðina hafa verið stærri verkefni, svo sem skrifstofur, verslanir, listasöfn, hótél, stofnanir og iðnaðarhúsnæði svo fátt eitt sé nefnt, en við erum einnig með talsvert af búnaði fyrir heimili. Við höfum þó sérhæft okkur aðallega í ákveðinni tegund lýsingar til heimilisnota, eins og innfellum ljósum, kösturum, kastarabratum og ýmiss konar LED-lausnum. Við höfum kannski

síður verið í skrautljósunum á borð við hangandi borðstofuljós, borðlampa eða standlampa.“

Tískan fer í hringi

Þegar kemur að lýsingu fyrir heimili er mikilvægt að vanda vel til verka og þegar um nýbyggingu er að ræða þá borgar sig að leita ráða strax á hönnunarstigi, segir Skarphéðinn. „Lýsingin á heimilinu þarf að vera hluti af heildarbrag og arkitektúr hússins. Þetta þarf allt að tala saman og við þurfum að hugsa um bæði útlit og hagkvæmni. Samspil lýsingar og dagsbirtu er einnig mikilvægt. Íslendingar búa við langan og dimman vetur þar sem raflýsingin þarf að sjá fyrir lýsingunni, en svo er mikilvægt að nýta dagsbirtuna þegar hennar nýtur við.“

Þegar kemur að lýsingu eru ákveðnir tiskustraumar eins og víða annars staðar. „Í mörg ár hefur verið í tisku að blanda saman annars vegar því sem við köllum „hörð lýsing“ og er þá yfirleitt í formi innfellaðra kastara og hins vegar óbeinni „mjúkri lýsingu“. Hörð lýsing er meira

„spot“ lýsing þar sem við sjáum vel kúrfur og geisla ljósanna. En þessi óbeina lýsing sem við köllum er þá oft langar lengjur sem settar eru þar sem loft og veggir mætast og þannig flæðir ljósið eins og mjúkur foss niður veggina. Lýsingin er þannig falin í þar til smíðaðri rauf. Þetta er búið að vera nokkuð lengi í tisku og stendur alltaf fyrir sínu enda er mjög gott að hafa þessa mjúku lýsingu með.“

Tískan fer líka í hringi þegar kemur að lömpum, að sögn Skarphéðins. „Þegar kemur að litavali lampu þá var svart vinsælt fyrir einhverjum áratugum. Svo voru allir í álgráum lit í kringum aldamót og svona til 2007–2008. Þá kom hvítt sterkt inn en nú er svart orðið mjög vinsælt aftur, ásamt auðvitað hvítu sem er alltaf klassískt. Þá eru líka hlýir brass- og koparlitir að koma mikið inn.“

Getur haft áhrif á heilsu okkar Skarphéðinn segir landsmenn orðna meðvitaðri en áður um mikilvægi góðrar lýsingar og jafnvel áhrif lýsingar á heilsu okkar.

„Það á sérstaklega við um lýsingu á vinnustöðum. Við sitjum mögulega í 8-9 tíma á dag við skrifborð og þá getum við haft töluverð áhrif með því að stilla lýsinguna rétt.“ Þannig getur mismunandi hitastig á lýsingunni, hvort hún sé bláleit og köld eða meira út í rauðgulan eða hlýhvítan lit skipt máli. „Með því að stilla þetta til yfir daginn í bland við ljósstyrkinn höfum við áhrif á hormóna líkamans sem heita kortísól og melatónin en þeir stjórna í hvaða ástandi líkaminn er hvað varðar svefn eða þreytu. Þannig getum við haft áhrif á þreytu og þar af leiðandi líðan og afköst.“

Þegar kemur að heimilum eru landsmenn almennt minna í þessum þælingum, segir Skarphéðinn. „Engu að síður þurfum við að vera vel meðvitað um mikilvægi lýsingar. Því lýsing hefur ekki bara áhrif á heilsu okkar, heldur er hún verulega mikilvægur þáttur í að skapa rétta heildarmynd. Falleg húsgögn, málverk eða falleg gölfefni njóta sín enn betur ef lýsingin er faglega unnin. Þetta helst svo mikið í hendur.“

Góð útlýsing bætir umhverfið

Útlýsing á Íslandi skiptir eflaust meira máli en víða annars staðar, segir Skarphéðinn. „Við búum svo lengi við myrkur og tímunn sem útlýsingar er þörf yfir sólarhringinn er mun meiri hér en víða erlendis. Í desember förum við í vinnuna í myrkri og við komum heim í myrkri. Við hjá S. Guðjónsson höfum því þó nokkra reynslu í gegnum tíðina af því að aðstoða fólk að lýsa upp hús sín og garða. Þá lýsum við til dæmis upp svæði þar sem þess þörf, svo sem göngu-leiðir, kringum settsvæði, við heita pottinn, við grillið, lýsum upp falleg tré jafnvel og fallegar grjóthleðslur.

En um leið er mikilvægt að leyfa myrkrunu að njóta sín og það er mikilvægt að skapa rétt andrúmsloft með samspili ljóss og skugga. Við hvetjum fólk til að kíkja til okkar með teikningar eða ljósmyndir af garðinum og við aðstoðum við að finna lausnir við hæfi.“ ■

Nánar á sg.is.



Eggert segir að Húsmiðjan í Skútuvogi sé með eitt mesta úrval af Philips snjallperum í allri Skandinavíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Snjallvæðing heimilisins hefst í Húsmiðjunni

Húsmiðjan býður upp á gríðarlegt úrval snjalllausna fyrir heimili. Hægt er að snjallvæða heimilið frá A-Ö eftir heimsókn þangað. Markmið Húsmiðjunnar er að vera með besta úrval landsins af snjalllausnum.

Húsmiðjan setur snjalllausnir á oddinn og ætlar sér að taka forystu í snjallvæðingu heimilisins. Snjalllýsing frá Phillips hefur verið seld í Húsmiðjunni frá árinu 2018 og sífellt bætist við vöruúrvalið, að sögn Eggerts Gottskálkssonar vörustjóra hjá Húsmiðjunni.

„Við erum með tvær línur í snjalllýsingu frá Phillips, þær heita Hue og Wiz. Hue er flaggskipið í þessum vörum og býður upp á marga möguleika eins og sam tengingar við sjónvörp og Spotify. Wiz er aftur á móti einfaldara og er meira keypt af yngra fólki,“ útskýrir hann.

Spurður að því hver helsti munurinn sé á þessum tveimur vöruflokkum segir hann að Wiz sé frekar hugsað fyrir einfaldar aðgerðir eins og að kveikja, slökkva og stilla birtustig en að Hue bjóði upp á fjölbreyttari stillingarmöguleika.

Óteljandi stillingarmöguleikar

„Með samtengingu við Spotify og sjónvarp er til dæmis hægt að láta ljósin breytast í takt við tónlist, sem er skemmtilegt í barnaherbergjum, eða ef þú ert að halda veislu. Það er líka hægt að tíma stilla ljósin, til dæmis þannig að þau kvikni og slökkni alltaf ákveðnum tímum. Það er hægt bæði með Hue og Wiz. Þú getur til dæmis stillt ljósin þannig að þau kvikni alltaf inni á badherberginu á ákveðnum tímum á nóttunni þannig að það líti út fyrir að þú sért að fara á klósettið ef þú ert ekki heima,“ segir hann.

„Þá er hægt að stilla það þannig að það gerist ekki alltaf á sama tíma, kannski kvikna þau eina nóttina klukkan þrjú og næstu korter yfir þrjú. Ef einhver er að fylgjast með húsinu þínu þá grunar hann síður að enginn sé heima ef ljósin kvikna á mismunandi tímum. Ef þú hefur séð Home Alone þá veistu að þú þarft að



Í stærri verslunum Húsmiðjunnar eru ljósin uppsett og hægt að sjá með eigin augum hvernig þau virka.



Hægt er að kaupa bæði inni- og útiljós, perur og ljóskastara, lampa og loftljós af öllum stærðum og gerðum í snjallljósalínu Philips Hue.



Í september er tilbod á startpakka frá Philips Hue.

passa þig á því,“ segir hann og hlær.

Stillimöguleikarnir fyrir ljósin eru óteljandi. Auk þess að tíma-setja þau eða tengja við önnur öpp eins og Spotify, er hægt að stilla mismunandi liti og birtu á ákveðnum tímum dags. Það er meðal annars hægt að stilla ljósin á morgnana þannig að þau líki eftir sólarupprás.

„Það er hægt að stilla á hvíta birtu, sem líkist dagsbirtu. Þá eru ljósin svipuð og í lómpum sem

hafa verið notaðir gegn skammdegisþunglyndi. Þú getur stillt ljósin á morgnana þannig að birtan eykst smám saman þar til dagsbirta er komin inn í svefnherbergið.

Ég hefði ekki trú að því sjálfur fyrr en ég prófaði þetta, en þetta auðveldar manni gríðarlega að vakna á morgnana, sérstaklega á skammdeginu,“ segir Eggert.

Einfalt í notkun

Ljósunum er hægt að stjórna á einfaldan hátt í gegnum app í símanum. Einnig er hægt að tengja þau við Google home eða Alexa. Perurnar eru einfaldlega settar í þá lampa og ljósaðæði sem fyrir eru á heimilinu.

„Viðmótið á appinu er mjög neytendavænt svo allir geti lært að nota það. Þetta er neytendavara og hver og einn á að geta opnað pakkann, sett peruna í og fengið hana til að virka án þess að nota tæknimann. Appið sér svo um alla stýringu á ljósum heimilisins,“ segir Eggert.

„Það er hægt að kaupa startpakka frá Hue en inni í honum eru nokkrar perur og brú sem þú stingur í samband við netbeini. Brúin sér til þess að öll ljósin tali við Philips Hue appið. Við verðum með sérstakt tilbod á startpakkanum núna í september.“

Eggert segir að snjallperur séu

framtdiðin í öllum perum. „Það verður þannig í framtíðinni að öll ljós á heimilinu verða stillanleg með appi. Þú þarft ekki einu sinni að vera heima hjá þér þegar þú stillir ljósin. Þú getur verið hvar sem er í heiminum og stýrt ljósunum heima hjá þér,“ segir hann og bætir við að fyllsta öryggis hafi verið gætt við gerð appsins og ekki sé hægt að hakka sig inn í það.

Gríðarlegt úrval

Eggert segir Húsmiðjuna eiga gríðarlegt úrval af snjallljósum frá Philips, bæði perum og lómpum, inniljósum og útiljósum.

„Ég held að ég geti fullyrt að við séum með eitt mesta úrvalið af Hue ljósum í allri Skandinavíu, hér í Húsmiðjunni í Skútuvogi. En við erum með gott úrval í öllum verslunum Húsmiðjunnar,“ segir hann.

„Við erum einnig með gott úrval af öðrum snjalllausnum, eins og myndavélum, reykskynjurum, hurðaskynjurum, hitaskynjurum á grillið og fleira. Þú getur snjallvætt heimilið frá A-Ö í Húsmiðjunni.“

Í stærri verslunum Húsmiðjunnar eru ljósin uppsett og hægt að sjá með eigin augum hvernig þau virka og viðskiptavinir geta prófað að stjórna ljósunum sjálfir. Þar er einnig starfsfólk sem er boðið og býið að aðstoða viðskiptavini við að velja réttu ljósin fyrir heimilið. ■

Nánari upplýsingar á husa.is

Lýsing gegnir lykilhlutverki í hönnun



Sjöfn Þórðardóttir sjofn @frettabladid.is

Berglind Berndsen innanhússarkitekt hefur ástríðu fyrir vinnunni sinni og fjölbreytileika verkefna. Það á meðal annars við þegar kemur að því að ná fram réttri lýsingu í hverju rými og segir Berglind að það geti skipt sköpum fyrir lífsgæði fólks að vera með rétta lýsingu, bæði heima og í vinnuumhverfi þess.

„Það eru alltaf nýjar áskoranir með hverju verkefni sem eru ólík hverju sinni. Mjög gefandi og skemmtilegt starf en jafnframt mjög krefjandi,“ segir Berglind sem hefur mikla ástríðu fyrir því sem hún tekur sér fyrir hendur.

Berglind er innanhússarkitekt FHI og er sjálfstætt starfandi með sitt eigið fyrirtæki. Hún lauk mastersgráðu í innanhússarkitektúr frá Fachhochschule Trier í Þýskalandi 2007 og M.Art.Ed. gráðu frá Lista-háskóla Íslands 2012. Berglind er afar metnaðarfull í starfi sínu og vandar til verka í hvívetna til að ná sem bestri útkomu í allri hönnun í samráði við viðskiptavini og samstarfsaðila.

Þess bera að geta að Berglind vinnur nánast alla lýsingarhönnun í nánú samstarfi og í samvinnu við Inga og Eirík hjá Lúmex. „Þeir eru miklir fagmenn á sínu sviði og einstakt að vinna með þeim,“ segir hún.

Þegar kemur að því að hanna rými, hvort sem það er heimili eða



Berglind Berndsen innanhússarkitekt segir að það geti skipt sköpum fyrir lífsgæði fólks að vera með rétta lýsingu.



Falleg lýsing í stofunni.

MYNDIR/GUNNAR SVERRISSON



Stofan er oft mest notaða rými heimilisins og gegnir margþættu hlutverki og gerir fjölbreyttar kröfur til mismunandi lýsingar.



Falleg hönnun Schuller Collection



Kynntu þér úrvalið á fallett.is

fallett.is

FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 25 · 108 Reykjavík · 555 4440

fyrirtæki, skiptir sköpum að huga að lýsingu alla leið?

„Já, klárlega. Lýsing hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks hvort sem þú ert heima hjá þér eða í vinnunni og það skiptir miklu máli að ná fram réttri lýsingu í hverju rými fyrir sig svo fólk líði vel í umhverfi sínu. Gott vinnuumhverfi er hvetjandi fyrir starfsmenn og eykur almenna vellíðan og því mikilvægt að huga að góðri vinnulýsingu fyrir starfsfólk fyrirtækja.“

Lýsing þarf að vera heillandi

„Rétt birta og rétt hönnun lýsingar skiptir öllu máli og hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks eins og ég nefndi áðan. Lýsing gegnir lykilhlutverki í hönnun. Hvort sem er innan- eða utanhúss. Lýsing skapar líf okkar. Fæstir leiða hugann að því hvaða áhrif birta og lýsing hefur á almenna líðan okkar en hún gegnir lykilhlutverki í líðan okkar allra. Lýsing þarf að vera heillandi, til dæmis vel hönnuð útilýsing gerir mikið fyrir byggingar og umhverfi þeirra með því að draga fram ákveðna hluti eða form með samspili ljóss og skugga og vel hönnuð innlýsing skapar heildstæðan blæ á heimilum og mótar góða stemningu og gott andrúmsloft.“

Berglind segir að samspil náttúrulegrar birtu og lýsingar sé mjög mikilvægt og það hafi hún ávallt í huga þegar hún hannar og innréttar. „Við þurfum að nýta dagsbirtuna eins vel og lengi og hægt er og í framhaldi tekur lýsingin við. Lýsing má ekki vera þannig að hún trufla fólk eða valdi

því vanlíðan, huga þarf því vel að því hvernig ljós eru valin fyrir ákveðin rými. Fólk skynjar ekki endilega hvað gerir góða lýsingu en maður upplifir hana og því skiptir miklu máli að velja rétta ljósið fyrir réttan stað til að skapa rétta stemninguna, hvort sem það er góð vinnulýsing eða notaleg stemningulýsing.“

Lampar og loftljós lífstíðareign
Þegar velja á lýsingu í stofu hvað er það sem vert er að hafa í huga?

„Stofan er oft mest notaða rými heimilisins og gegnir margþættu hlutverki og gerir því fjölbreyttar kröfur til mismunandi lýsingar og því mjög mikilvægt að geta stjórnað lýsingu vel til að ná fram réttri stemningunni. Það fer eftir stærð stofunnar hvernig lýsing hentar best en kastarar á brautum eða látlásum innfelld ljós í loftinu henta vel í stofu til að lýsa sérstaklega upp myndir eða málverk á veggjum. Standlampar og borðlampar skapa svo notalega stemningu á móti. Bæði standlampar og loftljós geta verið lífstíðareign og því er nauðsynlegt að vanda vel valið á þeim.“

Vinnulýsing í eldhúsi lykilatriði
En þegar kemur að því að velja lýsingu í eldhúsi þegar við hugum að vinnulýsingu og stemningslýsingu?

„Eldhúsið er einn mikilvægasti vinnustaður heimilisins og notað í fjölbreyttum tilgangi margar klukkustundir á dag. Þess vegna er mjög mikilvægt að hanna góða og skilvirka vinnulýsingu og huga

í leiðinni að góðri stemningslýsingu.“

Góð vinnulýsing skiptir gríðar miklu máli upp á heildarhönnun í eldhúsum. Innfelld ljós undir efri skápum eða í tækjaskápum eru þýðingarmikil til að lýsa beint niður á vinnuborð. Kastarar eða innbyggð loftljós henta mjög vel í eldhúsum og yfir eyjur. Hangandi ljós henta einnig vel yfir eyjur til að brjóta upp stemninguna. Einnig nota ég vegggljós orðið mikið upp á fallega og notalega stemningu.“

Aðspurð segir Berglind að lita- og efnisval skipti líka máli í rými þegar kemur að því að velja lýsingu. „Því bjartari sem rýmin eru því auðveldara er að vinna með lýsinguna og þess heldur mikilvægt að hanna góða lýsingu í þeim rýmum þar sem birtan er ekki mikil eða efnisvalið dökkt.“

Þegar velja á lýsingu inn á baðherbergi, hvað ber að hafa í huga?

„Góð vinnu- og stemningslýsing skiptir gríðarlega miklu máli við hönnun baðherbergja til að skapa rétta stemninguna. Lýsing á baðherbergjum þarf að vera aðlaðandi óháð birtustigi. Lýsing á baðherbergi á að sýna form og húðliti á eðlilegan hátt og mikilvægt að hanna fallega og góða vinnulýsingu og því nauðsynlegt að geta stjórnað lýsingu með dimmerum. Eins er mikilvægt að sturtusvæðið sé með auka lýsingu sem gleymist oft. Stemningslýsing er ekki síður mikilvæg sem hægt er að kalla fram með fallegri baklýsingu eða vegg lýsingu til að ná fram þessari notalegu spa-stemningu.“

Fasteignir

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 30. ágúst 2022

Kynningar: Eignamiðlun, Höfði fasteignasala, Byr fasteignasala, Spánarheimili, Miklaborg.



Kjartan Hallgeirsson, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri Eignamiðlunar, og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, löggiltur fasteignasali.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafa haldið sínu striki í áratugi

Eignamiðlun er rótgróið fyrirtæki og elsta starfandi fasteignasala landsins. Viðskiptavinir Eignamiðlunar geta stólað á reynslu, heiðarleika og þekkingu á fasteignamarkaðnum hjá starfsfólki hennar. [2](#)



„Í okkar huga byggjast fasteignasölur fyrst og fremst upp með vönduðum vinnubrögðum og því fólki sem starfar hjá okkur,“ segir Guðlaugur Ingi Guðlaugsson (t.h.).

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eignamiðlun er elsta starfandi fasteignasalan á Íslandi og býr starfsfólk fyrirtækisins yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta. „Við leggjum mikið upp úr því að starfsfólk okkar vinni saman og með því höfum við náð góðum árangri í sölu fasteigna,“ segir Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, löggiltur fasteignasali og annar eigenda Eignamiðlunar.

„Eignamiðlun er rötgróið fyrirtæki þar sem markmiðið hefur alltaf verið að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu. Hér er lítil starfsmannavelti og eigendurnir hafa lagt sig fram við að skapa gott vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur þróast og þroskast. Við höfum siglt í gegnum miklar breytingar á síðustu áratugum en alltaf haldið okkar striki. Markmið okkar er að gera enn betur í framtíðinni og halda áfram að vera leiðandi í fasteignaviðskiptum á Íslandi um ókomin ár.“

Ótal nýjar áskoranir

Fyrirnefndar breytingar hafa haft mikil áhrif á fasteignasölu og þar með talið starfsfólk þeirra, að sögn Guðlaugs. „Fasteignamarkaðurinn er fljótur að taka breytingum með ótal nýjum áskorunum. Við þær aðstæður skiptir miklu máli að hafa reynslumikið starfsfólk sem hefur farið í gegnum þær breytingar og tekist á við þær áskoranir. Þaðan kemur verðmæt reynsla sem sölumenn okkar miðla áfram til viðskiptavina okkar.“

Um leið er stærsta eign hvernar fasteignasölu orðspor hennar og heidarlegt starfsfólk, að sögn Guðlaugs. „Í okkar huga byggjast fasteignasölur fyrst og fremst upp með vönduðum vinnubrögðum og því fólki sem starfar hjá okkur. Viðskiptavinir okkar geta stólað á reynslu, heidarleika og þekkingu á



Margir viðskiptavina Eignamiðlunar leita til fasteignasölnnar með öll sín fasteignaviðskipti.

” Markmið okkar er að gera enn betur í framtíðinni og halda áfram að vera leiðandi í fasteignaviðskiptum á Íslandi um ókomin ár.

á þættingarsvæðum sem hafa verið vinsæl í sölu undanfarin ár. Árið hefur verið og verður krefjandi en gott heildina yfir.“

Líflegir tímar fram undan

Fasteignamarkaðurinn hefur verið afar líflegur undanfarin ár og á Guðlaugur von á því að svo verði áfram. „Það er þó ljóst að framboð á nýbyggingum mun aukast á næstu árum og allar líkur eru á því að markaðurinn nái jafnvægi. Þó er ólíklegt að þau verkefni sem eru í vinnslu nái að fullnægja þeirri þörf sem undirliggjandi er á höfuðborgarsvæðinu og því ljóst að einhver hluti þessa kaupendahóps mun enda í nágrennasveitarfélögum í nálægð við höfuðborgarsvæðið.“

Hann segir því mjög mikilvægt á næstu árum að sveitarfélög og fjármálastofnanir nái að stuðla að stöðugleika í formi lóðaframboðs og góðra lánskjara til að koma í veg fyrir þær sveiflur sem einkennt hafa fasteignamarkaðinn hér á landi síðustu ár. „Után þessara breytinga má helst nefna upptöku rafrænna þinglýsinga, sem lengi hefur verið í bigerð. Búast má við verulegum breytingum á þjónustu við viðskiptavini þegar þessar lausnir verða tilbúnar.“ ■

Nánar á eignamiðlun.is.



Eignamiðlun er sterkt og rötgróið vörumerki.

fasteignamarkaðnum hjá starfsfólki okkar.“

Vanda þarf valið

Þegar fasteign er seld skiptir mjög miklu máli að velja réttu fasteigna-

áratugi fram undan, ánægðir viðskiptavinir gera okkur það kleift. Fasteignasala þarf að vera sýnileg á markaði, vanda til verka við alla framsetningu á því sem verið er að selja og ekki síður mikilvægt er að veita faglega og yfirvegaða ráðgjöf til viðskiptavina.“

Rötgróið vörumerki

Guðlaugur segir starfsfólk Eignamiðlunar vera að koma út úr tímabili þar sem velta á fasteignamarkaðnum hefur verið gríðarlega mikil en hefur farið minnkandi sökum skorts á fasteignum til sölu. „Eignamiðlun er sterkt og rötgróið vörumerki og það hefur hjálpað okkur við að fá eignir til sölu. Margir okkar viðskiptavina leita til okkar með öll sín fasteignaviðskipti og því höfum við haldið góðum takti það sem af er ári. Það er mikið fram undan hjá okkur, nýjar íbúðir að koma í sölu í Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjavík. Allt eru þetta íbúðir

söluna enda er sparnaður flestra landsmanna að stórum hluta bundinn í henni. „Fyrirtæki verða ekki rötgróin nema þau geri hlutina rétt og vel. Við höfum starfað í áratugi og stefnum á næstu

Fasteignasalan Höfði fagnar 25 ára afmæli

Fasteignasalan Höfði var stofnuð í júní árið 1997 af þeim Ásmundi Skeggjasyni, löggiltum fasteignasala, og Runólfi Gunnlaugssyni, viðskiptafræðingi og löggiltum fasteignasala. Stofan fagnar því 25 ára starfsafmæli á þessu ári.

Sex fasteignasalar starfa hjá Höfða. Skrifstofan er til húsa í Bláu húsunum við Faxafen í Reykjavík. Margar eignir hafa skipt um eigendur á þeim 25 árum sem fasteignasalan Höfði hefur starfað. Mikil reynsla skapar traust milli seljenda og kaupanda. Höfði er með aðgengilega heimasíðu þar sem hægt er að skoða þær eignir sem eru til sölu á hverjum tíma.

Hús í herragarðsstíl

Meðal þeirra eigna sem fasteignasalan Höfði býður upp á er Háteigsvegur 44. Einstakt hús á mjög eftirsóttum stað sem byggt er í dönskum herragarðsstíl. Húsið er steinhús og var byggt árið 1950 en tvöfaldur rúmgóður bílskúr við húsið var byggt árið 1964. Þetta er stórt hús, alls 419 fermetrar. Húsið stendur á mótí Háteigskirkju á fallegum stað, næg bílastæði eru fyrir utan og gott aðgengi er að eigninni.

Húsið þarfnast viðhalds og endurbóta en það hefur verið í skamm- og langtímaleigu að hluta undanfarin ár. Eignin býður upp

» Einstakt hús við Háteigsveg sem byggt er í dönskum herragarðsstíl er til sölu hjá fasteignasölu Höfða. Húsið er steinhús, byggt árið 1950. Tvöfaldur rúmgóður bílskúr er við húsið en hann var byggt árið 1964.

á marga nýtingarmöguleika. Tvær íbúðir eru á jarðhæð með sérinnangi.

Á aðalhæð er fimm herbergja íbúð sem skiptist í tvær stofur, þrjú svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Á efri hæðinni eru sex herbergi ásamt stúdíóíbúð með sér eldhúsi og baði.

Dökkar innréttingar og stigi á efri hæð setja virðulegan svip á húsið. Garðurinn er stór og býður upp á mikla möguleika. Stórar flísalagðar svalir á húsínu bjóða einnig upp á ýmsa möguleika. Ásett verð er 220 milljónir. ■

Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Ásmundur Skeggjason, löggiltur fasteignasali, as@hofdi.is og sími er 895 3000.



Húsið stendur á góðum stað við Háteigsveg. Góð aðkoma er að húsínu og næg bílastæði.



Stórar svalir eru á húsínu sem nýtast vel sem verönd.



Húsið hefur yfir sér virðulegan blæ. Stofan er rúmgóð með parketi á gólfi.



Suðurlandsbraut 52, 108 Rvk.
Sími 533 6050 / Fax 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.
s. 892-7798

Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.
s. 895-3000

Brynjar Baldursson
sölufulltrúi
s. 698-6919

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
lögg. fast.
s. 896-3038

Kristinn Tómasson
lögg. fast.
s. 820-6797

Þórarinn Friðriksson
lögg. fast.
s. 844-6353

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

Er ekki bara best að kjósa Höfða



TRAUST
ÞJÓNUSTA Í
25
ÁR

1997 - 2022

Ný og spennandi fasteignaverkefni hjá Byr

Byr fasteignasala er með skrifstofu í Hveragerði og selur fasteignir um allt land. Rafrænar lausnir í fasteignaviðskiptum skapa fullt af tækifærum bæði fyrir fasteignasöluna og viðskiptavini hennar.

Elin Káradóttir er eigandi Byrs fasteignasölu og þar starfa fimm starfsmenn. „Okkar sérstada er fyrst og fremst sala á nýbyggingum,“ segir Elin. „Á undanförunum árum hefur verið gríðarleg uppbygging á íbúðarhúsnæði hér í Árnassýslu í heild sinni. Við hjá Byr fasteignasölu höfum mest verið að selja nýbyggingar í Hveragerði og nú erum við að fara að taka þátt í stóru uppbyggingarverkefni í Þorlákshöfn. Sífellt fleiri velja okkur til að sjá um sölu á lóðum, jörðum og sumarbústöðum.

Mest er ég þó spennt fyrir uppbyggingarverkefni sem við hjá Byr fasteignasölu erum byrjuð að vinna á Egilsstöðum. Þar hefur ekki verið byggt fjölbýlishús frá því rétt fyrir hrun og því hefur myndast gríðarlega mikil eftirspurn eftir litlum íbúðum. Við hjá Byr fasteignasölu erum að vinna verkefnið með byggingarverktakanum frá upphafi til enda,“ segir Elin spennt fyrir komandi verkefnum.

„Í dag er Byr fasteignasala með um þrjátíu eignir á skrá og margar eignir að fara að bætast við á næstunni. Á meðal þeirra verkefna sem byrjað er að undirbúa er sala á 18 geymslum sem eru staðsettar í Hveragerði. Við munum byrja sölu í haust og er fólk hvatt til þess að setja sig á forgangslista með því að hafa samband við okkur á Byr.



Elin Kára-dóttir, löggiltur fasteignasali og eigandi Byrs fasteignasölu.

MYND/ADSEND

Í fyrra seldum við 48 geymslur og þá fengu færri en vildu. Þessar geymslur sem er verið að byggja núna eru stærri og með stærri innkeyrsluhurð,“ segir Elin.

Rafræn þjónusta um land allt

Á tímum mikilla tækniframfara hefur Byr fasteignasala nú valið sér rafrænar lausnir eins langt og það nær innan ramma fasteign- og þinglýsingarlaga. „Skrifstofan okkar er í Hveragerði en viðskiptavinirnir okkar eru úti um allt land. Ég er því mjög spennt fyrir rafrænum þinglýsingum. Nú þegar erum við að selja eignir um allt land, þó einna helst á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Það opnast fleiri möguleikar með því að nýta sér tæknina eins

mikið og hægt er. Flest er hægt að gera í gegnum netið. En þó þurfum við auðvitað að sinna skyldum okkar í því að skoða hús og gera gott söluþinglýsingar um þær eignir sem við erum að selja.“

Góður og mikilvægur undirbúningur fyrir sölu á fasteign

„Ég mæli með því að fólk velji sér fasteignasala, sem það er tilbúið til að eiga samskipti við yfir allt söluferlið, sem getur tekið allt að sex mánuði frá fyrsta símtali. Þeir sem hafa áhuga á því að selja eignina sína og vilja skipta yfir í stærra eða minna, ættu að undirbúa sig með því að vera tilbúin með auglýsingu um eignina sína. Það þýðir að fá fasteignasala til að skoða eignina, útbúa söluþinglýsingar um hana, taka

Þegar fólk finnur svo „draumaeignina“ þá er það tilbúið til að setja sína eign strax á sölu.

Elin Káradóttir

myndir og hafa allt tilbúið. Það er alltaf best að vinna þetta fyrst og byrja svo að horfa eftir eignum til þess að kaupa.

Þegar fólk finnur svo „draumaeignina“ þá er það tilbúið til að setja sína eign strax á sölu. Með þessu er tími þinn og annarra

nýttur sem best. Flestir vilja ekki lenda í sölukeðju en ef allir eru tilbúinir á þennan hátt, þá ættu sölukeðjur að taka styttri tíma,“ segir Elin sem er með nokkrar eignir tilbúin til að fara í auglýsingu á netið um leið og eigendur finna þá eign sem þeir vilja kaupa.

Nauðsynlegar breytingar á markaðnum

„Fyrst og fremst þá myndi ég vilja sjá þá breytingu að fólk geti farið til síns banka eða lífeyrissjóðs og fengið upplýsingar um það innan hvaða verðdramma það getur keypt eign. Það er krefjandi og oft óþægilegt fyrir bæði kaupendur og seljendur að þurfa að bíða í allt að 20 virka daga eftir samþykktu greiðslumati eða láni kaupanda. Best væri ef það lægi fyrir áður en hugsanlegur kaupandi skoðar eign.

Það er í raun mjög skrytið að fólk geti bókað sig í skoðun á eign án þess að hafa raunverulegan möguleika á að kaupa eignina í kringum ásett verð. Við erum að sýna heimili fólks í flestum tilfellum og það væri eðlilegt að fasteignasalinn gæti fengið að sjá skjal frá þeim sem bóka sig í skoðunir á eignum um að kaupgeta sé til staðar, áður en fólk kemur að skoða eignina. Það er líka svekkjandi fyrir mögulega kaupendur að skoða og gera tilboð en geta ekki keypt, til dæmis vegna nýrra reglna frá Seðlabanka um lánshlutfall miðað við ráðstöfunartekjur. Bankarnir, lífeyrissjóðirnir og fasteignasalar ættu að taka höndum saman, stytta biðtímann og óvissuna fyrir alla aðila,“ segir Elin að lokum. ■

Nánari upplýsingar á byrfasteign.is

Um dulúð og leynd í fasteignaviðskiptum

Þrátt fyrir að vera eitt af meginviðum fasteignasala í ferli fasteignaviðskipta gilda engin skýr ákvæði í íslenskum lögum um það hvernig þeir eigi að koma að málum í kringum meðhöndlun tilboða. Þó stendur skýrt að fasteignasali gæti hagsmuna jafnt seljanda sem kaupanda.

jme@frettabladid.is

Grétar Jónasson er löggiltur fasteignasali og lögmaður og hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra Félags fasteignasala síðustu 16 ár. „Fyrir starfaði ég sem lögmaður á nokkrum stöðum,“ segir hann.

Í íslenskum lögum segir einnig að fasteignasali hafi þagnarskyldu um það sem leynt eigi að fara. Að sögn Grétars er um að ræða gamalt ákvæði sem nær til dæmis yfir að fasteignasala sé ekki heimilt að gefa viðkvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu seljanda eða segja frá því ef eigendur standa í skilnaðarferli.“

Síðar þótti þarft að skýra ákvæðið frekar í síðareglum fasteignasala og fella tilboðsgerðina undir það. „Þar er bætt við að fasteignasalar hafi þagnarskyldu um það sem kemur fram í tilboðsgerð. Þessi síðaregla hefur verið í gildi í um 30 ár,“ segir Grétar.

Ferlið á Íslandi

Grétar útskýrir ákvæðið með því að setja upp hefðbundin og eðlilegt ferli á sölu fasteignar. „Segjum að þrjár aðilar bjóði 50, 51 og 52 milljónir í eign sem sett er á 50 milljónir. Fasteignasali fer með tilboðin til seljanda sem velur það sem honum list best á.



Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir lögin ekki skýr um meðhöndlun fasteignasala á tilboðum í fasteignir. MYND/ADSEND

Þó að beinast lægi við að velja hæsta boðið þarf það ekki endilega að vera besta boðið. Til dæmis gæti kaupandi sett óhentuga fyrirvara á tilboði; það getur verið að greiðslur komi yfir langan tíma eða fyrirvari á sölu fasteignar í eigu kaupanda. Hins vegar séu engir slíkir fyrirvarar á 51 milljónar króna kauptilboðinu. Seljandi getur þá annaðhvort tekið

því tilboði eða gert gagnaþinglýsingar. Seljandi getur í þessu tilfelli gert viðkomandi gagnaþinglýsingar um að hækka tilboðið um eina milljón og tilvonandi kaupandi getur tekið því tilboði eða hafnað.“

Það er þó ljóst að hvergi í ferlinu er fasteignasala leyfilegt að upplýsa tilboðsgeranda um fjárhæð annarra tilboða. „Ef hins vegar tilboðsgerandi ætlar að bjóða langt

Hins vegar hafa verið settar mikilvægar reglur um að í lokin fái kaupandi að sjá nákvæmt yfirlit yfir nöfn þeirra sem buðu líka í eignina og tilboð þeirra.

Grétar Jónasson

undir hæsta boði getur fasteignasali greint frá að styrkja þurfi tilboðið, enda sé komið boð sem sé mun hærra án þess að nánar sé farið út í það. Þá ráðleggur góður fasteignasali tilboðsgeranda að bjóða það sem honum þykir rétt, það sem hann gæti hugsað sér að borga án þess að gefa upp önnur kauptilboð,“ segir Grétar.

Ferlið í nágrannalöndunum

En af hverju þessi dulúð og leynd? Í Noregi og Svíþjóð er opið uppboðsferli og allir sem taka þátt í uppboðsferlinu geta fylgst með hvað aðrir bjóða og séð fyrirvara á tilboðum. „Hins vegar hafa verið settar mikilvægar reglur um að í lokin fái kaupandi að sjá nákvæmt yfirlit yfir nöfn þeirra sem buðu líka í eignina og tilboð þeirra. Eins fá allir aðrir sem buðu í eignina að sjá öll boð en án nafna. Þetta er til að tryggja að ekki sé hægt að fá þriðja aðila til að hafa upp verð á eign með því að bjóða í hana. Ýmis mál hafa komið þar upp er slíkt varðar og má nefna nýlegan norskan dóm þar sem dóttir seljanda hafði hífð verðið upp um margar milljónir með því að

bjóða itrekað í eign föður síns og kaupandinn elt falsboðin.

Danir eru aftur á móti með enn strangara tilboðsferli en Íslendingar. Þá berast öll tilboð í eign á sama tíma og seljandi tekur svo því tilboði sem honum list best á eða hafnar öllum. Fasteignasalinn er þar bundinn algerum trúnaði um þau tilboð sem berast í eignina gagnvart öðrum sem bjóða.“

Kapphlaup um eignir

Fyrirkomulagið á Íslandi hefur reynst vel þrátt fyrir fátækleg lög, en byggir þeim mun meira á því að fasteignasalar vandi sig. „Það hafa ekki komið upp mörg vandamál, nema helst þegar mikil læti eru á markaðnum, eins og verið hefur. Í eðlilegu árferði berast almennt ekki mörg tilboð í hverja eign, en vegna stöðu markaðarins undanfarin misseri var algengt að mjög margir byðu í sömu eignina.

Ýmsir vilja sjá meira gagnsæi í kauptilboðsferlinu og að það sé opið uppboð eins og er í Noregi og Svíþjóð. Dæmi eru um að fólk telji sig hafa greitt of mikið fyrir eign eða segist hefði borgað meira ef opið hefði verið hvert hæsta boðið var. Hins vegar setja aðrir spurningarmerki við það hvort rétt sé að etja fólk í kapphlaupi um eignir; finnst það jafnvel ógeðfellt tilhugsun.

Það er ljóst að það er nauðsynlegt að taka þessa umræðu. En eitt er ljóst. Sé það vilji stjórnvalda að fasteignir séu seldar á uppboðsmarkaði, þá krefst sú framkvæmd að skýr umgjörð sé sett og um leið að lagabreyting sé gerð. Auk þess þarf í kjölfarið að breyta síðareglum félagsmanna Félags fasteignasala,“ segir Grétar. ■

Fasteignablaðið

35. TBL. 30. ÁGÚST 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

 Reykjavík
 Snæfellsbæ
 Höfn Hornafirði

VALHÖLL
 FASTEIGNASALA
 STOFNÚD 1995

 588 4477
 Síðumúla 27
 www.valholl.is

 Ingólfur Geir Gissurarson
 Framkvæmdastjóri, lög-
 fasteignasali, leigumíðlari
 896 5222
 ingolfur@valholl.is

 Heiðar Friðjónsson
 Sölustjóri, löggiltur
 fasteignasali B.Sc.
 693 3356
 heidar@valholl.is

 Hildur Harðardóttir
 Lögfræðingur, löggiltur
 fasteignasali, skjalagerð.
 897 1339
 hildur@valholl.is

 Snorri Snorrason
 Löggiltur fasteignasali
 895 2115
 snorri@valholl.is

 Hólmfríður Björvinsdóttir
 Ritari
 588 4477
 ritari@valholl.is

 Jónas H. Jónsson
 Eignaskiptafráfarandi
 842 1520
 jonas@valholl.is

 Pétur Steinar Jóhannsson
 Aðstoðarm. Fasteignasala
 Snæfellsnesi
 893 4718
 petur@valholl.is

 Anna F. Gunnarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 Listi og innanhúss stílisti
 892 8778
 anna@valholl.is

 Sturla Pétursson
 Löggiltur fasteignasali
 899 9083
 sturla@valholl.is

 Elin Viðarsdóttir
 Löggiltur fasteignasali
 695 8905
 elin@valholl.is

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:

 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Glæsileg eign í Garðabæ

Eignamiðlun og Þóra Birgisdóttir, löggiltur fasteignasali, kynna til sölu glæsilegt og vel skipulagt 161,1 fermetra endaraðhús við Birkiás í Garðabæ með stórkostlegu útsýni út á sundin, að Akranesi, Esjunni, Snæfellsjökli og víðar.

Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr sem búið er að breyta og innrétta sem rúmgott baðherbergi og fataherbergi/skrifstofu. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförunum árum.

Neðri hæðin var tekin í gegn haustið 2017 með aðstoð Bryndísar Evu Jónsdóttur innanhússarkitekts sem og eldhús og sjónvarpsrými sem var endurnýjað árið 2020 með aðstoð Grímu Bjargar Thorarensen innanhússhönnuðar. Mikil lofthæð er yfir stofum og eldhúsi og glæsilegt útsýni til norðurs af báðum hæðum. Garðurinn er fallegur og vel frá honum gengið. Afgirt vistarvernd til suðurs og hellulögð stétt og bilastæði fyrir framan. Bilastæði fyrir 4-5 bifreiðar. Hellulögð vernd og tyrfð baklóð. Gert er ráð fyrir heitum potti á baklóð og eru lagnir til staðar. Auk þess er 6,6 fm geymsluskúr á lóðinni.

Komið er inn í flísalagða forstofu með sérsmíðuðum bekk. Baðherbergi með flísum á gólfi og gólfhita. Falleg hvít innrétting, upphengt salerni og handklæðaofn.

Fataherbergið er rúmgott með opnum skápum/hillum og innfelldri lýsingu. Geymsluloft er yfir fataherbergi.

Svefnherbergi I: Parket á gólfi, góðir fataskápar.

Sjónvarpshol með flísum og sérsmíðuðum innréttingum sem setja fallegan og hlýlegan svip á rýmið, þar mætti loka og fá eitt svefnherbergi til viðbótar.

Neðri hæð: Sjónvarpsrými/hol, harðparket á gólfi, innfelld lýsing og útgengi á baklóð til norðausturs með fallegu útsýni.

Svefnherbergi II: Harðparket á gólfi.



Húsið stendur við Birkiás í Garðabæ og hefur verið mikið endurnýjað.



Stofan er rúmgóð og þaðan er gríðarlega fallegt útsýni.

Baðherbergi II: Með flísum á gólfi og gólfhita. Rúmgóð flísalögð sturta með glerþili. Falleg sprautulökkuð innrétting með Silestone steini á borði og innfelldum vaski. Upphengt WC, handklæðaofn og innfelld lýsing.

Hjónaherbergið er rúmgott með harðparketi á gólfi. Opnir skápar á heilum vegg og veggfastur skenkur. Gluggar til norðvesturs og norðausturs. Innfelld lýsing í lofti.


Efri hæð: Stórt og bjart alrými sem skiptist í stofu, borðstofu og eldhús með mikilli lofthæð, inn-

felldri lýsingu, fallegum gluggum og glæsilegu útsýni. Stofa og borðstofa með parketi á gólfi, mikilli lofthæð og innfelldri lýsingu.

Eldhúsið var endurnýjað fyrir tveimur árum á glæsilegan máta, rúmgóð innrétting með góðu skápa- og bekkplássi. Eldhúsið er opið með glæsilegri eyju.

Virkilega falleg eign í góðu ásigkomulagi. ■

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra Birgisdóttir, sími 777-2882/thora@eignamidlun.is


heimili
 fasteignasala
 á traustum grunni

Finnþogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Brekustígur 12, jarðhæð

OPIÐ HÚS PRI. 30.8. KL. 12:30-13 OG MIÐ. 31.8 KL. 17-17:30



OPIÐ HÚS

Brekustígur 12, jarðhæð, sérinngangur, vinstri inngangur.

Björt og vel skipulögð íbúð á einstaklega rólegum stað í vesturhluta 101 Reykjavík. Svefnherbergi með skápum, rúmgott eldhús með fallegri upprunalegri innréttingu. Stór stofa með útgengi á sérverönd og þaðan í sameiginlegan garð.

Frábær eign á góðum stað í vesturborginni.

Opið hús í hádeginu í dag þriðjudag 30. ágúst kl. 12:30-13 og á morgun miðvikudag 31. ágúst kl. 17-17:30. Verið velkomin.

Verð 49,9 millj.

Njálsgata 35A, 101 Rvk.

BÓKIÐ SKOÐUN.



Njálsgata 35A, bakhús.

Fallegt, lítið einbyli á baklóð á rólegum stað við Njálsgötu í 101 Reykjavík.

Hæðin er tvær stofur, svefnherbergi og snyrting. Sérinngangur er í kjallara, þar er baðherbergi, þvottaástaða, herbergi o.fl. Húsið er skráð 66,2 FM en er stærra sem nemur óskráðu risi sem er manngengt að hluta.

Eignin lítur vel út að utan enn þarfnast endurbóta inni og býður þar með upp á mikla möguleika í nýtingu og sem fjárfesting.

Vinsamlegast bókið skoðun.

Verð 57,5 millj.

Skólavörðustígur 16A, 101 Rvk.

VERSLUNARHÚSNÆÐI.



Fallegt 70 FM verslunarhúsnæði í nýlegu húsi á góðum stað við Skólavörðustíg.

Um er að ræða frábært fjárfestingatækifæri í björtu og huggulegu húsnæði.

Það skiptist í verslunarrými og starfsmannarými sem er með góðum birtugluggum í lofti.

Húsnæðið er með leigusamningi með endurskoðunarákvæði eftir tvö ár.

Vinsamlegast bókið skoðun hjá löggiltum fasteignasölum Foldar.

Frábær fjárfesting.

Verð 56 millj.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Reykjavíkurborg stóð einnig fyrir samkeppni um ljóslistaverk á síðustu Vetrahátíð í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Verkið fólst í vörpun á stafrænu verki á Hallgrímskirkju en undanfarin ár hefur kirkjan verið eitt helsta kennileiti hátíðarinnar. Sigurverkinu var varpað á framhlið Hallgrímskirkju á meðan hátíðin stóð yfir og lýsti svo sannarlega upp svartasta skammdegið.

Næsta Vetrahátíð í Reykjavík verður haldin í febrúar á næsta ári. ■



Lýsingin á heimilinu hefur mikil áhrif á líðan fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lýstu upp heimilið

sandragudrun@frettabladid.is

Lýsing á heimilinu skiptir miklu máli fyrir líðan þeirra sem þar dvelja. Því ætti að hugsa vandlega um ljósaönnunina þegar heimili er innréttað, rétt eins og þegar gluggatjöld og húsgögn eru valin. Björt ljós kveikja á sterkari tilfinningum og auka orku á meðan dempaðri lýsing hefur róandi áhrif. Rauðleit eða gulleit ljós skapa hlýja birtu sem myndar notalegt andrúmsloft. Slík birta er því tilvalin í rýmum þar sem mestur tími fer í að slaka á eftir langan dag og njóta rólegra samverustunda. Bjartari ljós í kaldari litum henta betur í rýmum þar sem er unnið, til dæmis við skrifborðið eða í eldhúsinu.

Núna eru komnar á markað alls kyns snjallperur sem bjóða upp á þann möguleika að breyta lýsingu sama rýmis eftir hentugleika. Ef stofan er notuð sem skrifstofa á daginn er hægt að hafa lýsinguna bjarta og kalda og breyta henni svo í hlýlega dempaða birtu á kvöldin. ■



LÝSING & HÖNNUN

WWW.LYSINGOGHONNUN.IS

Bílar & Farartæki



Nýr 2022 Ford Transit 350 L3H2 Limited typta. Álflegur. Metallic lakk. 185 hestöfl. Sjálfskipting. Skjár með bakmyndavél og Leiðsögubúnað ofl. Þar sem það er talsvert síðan við tryggðum okkur þennan og sendibílar hækka um 200 þús kr í verði á mánuði í Evrópu Þá er þessi nú bara öðyr í dag þó þetta sé flottasta typta. Verð: 6.350.000 án vsk.

Þjónusta

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Garðyrkja



Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvél, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningavinnu. runarmurari.is S. 7743800

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Spádómar



SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Til bygginga



NÝKOMID BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggia megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100 Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu-vinnuherbergi ca. 8 fm, í Skútuvogi til leigu. Uppl. í s. 864 1219.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög göðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Ertu söngfugl?



Kvennakórinn Concordia auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Eitt af verkefnum vetrarins er m.a. þátttaka í árlegum styrktartónleikum sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Þar flytur kórinn jólatónlist ásamt einsöngvörum og hljómsveit. Þeir tónleikar fara fram í Frikirkjunni í Reykjavík.

Æfingar verða á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.p.b. eina og hálf klukkustund.

Raddprufur verða á morgun, miðvikudaginn 31. ágúst frá kl. 18.

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi í Kópavogi og Mosfellsbæ

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 15. ágúst 2022, bæjarstjórnar Kópavogs 23. ágúst 2022, skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 12. ágúst 2022 og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar 17. ágúst 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Suðurlandsvegur frá Geithálsi vestan Hólmsá í Mosfellsbæ að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegur, austan Lögbergsbrekku alls um 5,6 km að lengd. Heildarstærð skipulagssvæðisins er rúmir 67,3 ha.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi Suðurlandsvegur verði breikkaður til norðurs og verði samfelldur stofnvegur með tveimur akreinum í hvora akstursstefnu. Gert er ráð fyrir vegamótum við Geirland ásamt hliðarvegum/tengivegum í Lækjarbotnum, Gunnarshólma og Geirlandi.

Markmið deiliskipulagsins er að auka þjónustustig samgangna á svæðinu og bæta umferðaröryggi.

Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:10.000 og 1:4000 ásamt greinargerð dags. 30. júní 2022. Tillögunni fylgir jafnframt matsskýrslan Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði dags. í júní 2009 þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif skv. lögum nr. 106/2000.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Miðvikudaginn 21. september milli kl. 17 – 18:30 verður starfsfólk skipulagsdeilda Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar með opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 þar sem tillagan verður kynnt þeim sem þess óska.

Tillagan er aðgengileg í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1, mánudaga – fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og á föstudögum kl. 8:00-13:00 og á vefnum <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillögunar er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeilda Kópavogsbæjar á netfangið skipulag@kopavogur.is eða skipulagsnefndar Mosfellsbæjar á netfangið skipulag@mos.is. Tillagan og gögn er einnig aðgengileg á Upplýsingatorgi Mosfellsbæjar, Þverholt 2 við bókasafnið, og á vefnum www.mos.is/skipulagsauglysingar.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeilda Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is og/eða skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær eða á netfangið skipulag@mos.is eigi síðar en kl. 13:00 föstudaginn 14. október 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi
Skipulagsfulltrúinn í Mosfellsbæ



Kópavogsbær



Mosfellsbær

Einn sá besti kveður sviðið sáttur



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Eftir átta Íslandsmeistaratitla hefur Brynjar Þór Björnsson, ein besta skytta í sögu íslenska körfuboltans, ákveðið að leggja skóna á hilluna. Brynjar lék í átján ár í meistaraflokki, sextán af þeim voru með KR, en hann reyndi einnig fyrir sér í Svíþjóð og á Saudárkróki. Hann kveður sviðið stoltur og horfir nú á ný verkefni í lífinu.

KÖRFUBOLTI „Ég taldi að mínum tíma væri betur varið í annað, þetta krefst vinnu til að vera í góðu standi bæði andlega og líkamlega. Ég vil gera þetta almennilega, ég er ekki með sama hungrið til að gefa mig allan í þetta og þá er alveg eins gott að eyða tímanum í eitthvað annað,“ segir Brynjar Þór Björnsson sem greindi frá ákvörðun sinni um liðna helgi. Brynjar er 34 ára gamall og var ungur mættur á sjónarsviðið.

KR gengur í gegnum kynslóðaskipti sem hjálpaði Brynjari að taka ákvörðun sína, ólíklegt er að þetta stórveldi í íslenskum körfubolta berjist um Íslandsmeistaratitil í vetur. „Það hjálpar til, mjög mikið í raun. Liðið er ansi ungt, leikmenn sem áttu að vera þarna 28-29 ára eru hættir eða farnir annað. Það vantar þessa kynslóð til að vera í toppbaráttu, það er erfitt að vera kominn í lið sem er að meirihluta ungir leikmenn sem eiga eftir að þroskast. Það vantaði leikmenn í kringum mig sem eru á svipuðum stað í lífinu,“ segir Brynjar um ákvörðun sína.

Forréttindaferill

Brynjar segist upplifa það sem forréttindi að hafa unnið alla þessa titla en einnig að hafa prófað að fara í atvinnumennsku. „Þetta er algjör forréttindaferill að upplifa alla þessa sigurgöngu, vera með í öllum þessum uppgangi sem var í KR. Svo eru ævintýri eins og í Svíþjóð árið 2011 og svo með Tindastóli árið 2018. Þetta er búið að vera eintóm skemmtun allur þessi ferill, árangurinn er frábær. Það er gaman að hafa upplifað þetta allt saman.“

2007-titillinn stendur mikið upp úr, það er sá fyrsti. Þetta var sá eini þar sem við áttum ekki að geta unnið, við vinnum Njarðvík þrátt fyrir að vera undir nánast alla þá seríu. Það skapaðist mógæsingur í líkingu við það sem gerðist hjá Tindastóli í úrslitakeppninni núna. Miðjan (stuðningsveit KR) mætti



Brynjar við einn af þeim átta Íslandsmeistaratitlum sem hann landaði á mögnuðum ferli sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

þarna á körfuboltaleiki í fyrsta skipti og það var ógleymanlegt.“

Ótrúleg stemming myndaðist í kringum KR-liðið á þessum árum og þær minningar sitja eftir hjá Brynjari. „Það var ógleymanlegt að koma í þessa stóru leiki og stúkan var full þegar þú varst að hita upp. Það var geggjáð að labba inn og sjá alla vini sína vera mætta og fá sér að borða löngu fyrir leik. Það er ógleymanlegt í fjórða leik árið 2007 gegn Njarðvík þegar það lak niður sviði með öllum veggjum, loft-ræstingin hafði ekki undan. Það er frábært að hafa upplifað þetta, allur Vesturbærinn og allir í raun voru að fylgjast með. Það eru forréttindi að hafa upplifað alla þessa úrslitaleiki, það eru fáir sem fá að upplifa þessi augnablik.“

Vildi hætta í KR

Þegar íþróttafólk tekur ákvörðun um að hætta keppni kemur oft tómarúm í líf þeirra sem Brynjar er vel meðvitaður um. „Það tala allir



Ég skildi alveg Pavel að fara en það er erfiðara að sjá Kristófer í Vals-treyju að hampa titlum.

um það, þú færð ekki þessa keppni í öðru. Það er erfitt að búa hana til í þessu daglega lífi, en það er meiri tími til að huga að einhverju öðru. Maður getur prófað eitthvað nýtt, það fer rosalegur tími í þetta. Maður verður að vera sáttur við að hafa upplifað þetta frekar en að horfa í eitthvað annað.“

Eldri KR-ingar hafa á undanförunum árum endað feril sinn í Val og nægir þar að nefna Jón Arnór Stefánsson og Pavel Ermolinskij.

Brynjar íhugaði ekki að spila þar undir stjórn Finns Freys Stefánssonar fyrrverandi þjálfara KR. „Ég hef ekki leitt hugann að því, maður er fyrst og fremst KR-ingur. Mér finnst réttast að hætta í KR og vera sáttur við það. Ég skildi alveg þegar Pavel fór í Val, hann þurfti áskorun. Það er sárara að sjá Kristófer Acox á hátindi ferilsins þarna hinum megin. Þetta voru sex ár í röð hjá okkur sem við vinnum, það er meira en að segja það að halda í hungrið. Ég skildi alveg Pavel að fara en það er erfiðara að sjá Kristófer í Vals-treyju að hampa titlum, hann er enn ungur og ferskur.“

Hið daglega líf hefur tekið við hjá Brynjari sem ræðir þó íþróttir daginn út og inn. „Ég byrjaði að vinna hjá DHL í janúar og vinn með miklum íþróttamönnum, fyrrverandi körfubolta- og fótboldamönnum. Það er mikið spjallað um íþróttir, það er gott að vera kominn hingað inn,“ segir Brynjar sáttur við ákvörðun sína. ■

Gleðin við völd í miðri viku

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það verður líf og fjör í ensku úrvalsdeildinni í miðri viku en þétt er spilað næstu vikurnar vegna Heimsmeistaramótsins sem fer af stað í Katar í nóvember. Tólf umferðir verða leiknar á næstu vikum fram að stórmótinu en þetta er í fyrsta sinn sem Heimsmeistaramótið fer ekki fram á miðju sumri.

Fjórar umferðir eru búnar í ensku úrvalsdeildinni en Arsenal situr á toppi deildarinnar með fullt hús stiga. Arsenal tekur á móti Aston Villa á miðvikudag sem er í krísu undir stjórn Steven Gerrard. Liverpool vann frækinn 9-0 sigur á Bournemouth um helgina en liðið heldur á miðvikudag til Newcastle og mætir þar heimamönnum í snúnu verkefni. Englandsmeistarar Manchester City taka á móti Nottingham Forrest á heimavelli og búast má við auðveldum heimasigri. City hefur þó verið að leka inn mörkum í síðustu leikjum sem



Það er þétt spilað í enska boltanum á næstunni en Heimsmeistaramótið í Katar hefst í nóvember.

nýliðarnir frá Nottingham vonast til að geta nýtt sér.

Tottenham, undir stjórn Antonio Conte, hefur farið vel af stað en lið Tottenham er vel mannað og heimsækir West Ham á miðvikudag. Manchester United heimsækir Leicester á fimmtudag en lærisveinar Erik ten Hag hafa unnið tvo leiki í röð eftir að hafa byrjað illa. Liðið hefur fest kaup á Antony frá Ajax sem kostar félagið 100 milljónir evra og fer hann í hóp dýrustu leikmanna í sögu enska fótboldans. ■

Staðan:	stig
1. Arsenal	12
2. Man. City	10
3. Tottenham	10
4. Brighton	10
5. Leeds	7
6. Chelsea	7
7. Newcastle	6
8. Man. Utd	6
9. Liverpool	5
10. Brentford	5
11. Fulham	5
12. Crystal Palace	4
13. Southampton	4
14. Nottm Forest	4
15. Aston Villa	3
16. West Ham	3
17. Bournemouth	3
18. Everton	2
19. Wolves	2
20. Leicester	1



Erling Haaland fer af stað með látum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**&
MH**
MATUR & HEIMILI
með Sjöfn Þórðar

**ÞRIÐJUDAGA
KL. 19.00 OG
21.00**

MATUR OG HEIMILI


MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara. Áhorfendur fá innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnast matarmenningu, persónulegum stíl og hönnun hvers og eins.

ALLA ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,
Haukur Geirmundur Jónsson
rennismíðameistari,
Hjallaseli 55, Reykjavík,
lést á Landakoti þann 6. ágúst.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Erla Jónsdóttir
Jón Guðmar Hauksson **Gréta Lind Sigurðardóttir**
Anna Jóna Senstius Hauksd. **Skúli Heiðar Benediktsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Margrét Kristín Sigurðardóttir
viðskiptafræðingur,
sem lést á Landspítalanum þann
21. ágúst verður jarðsöngin frá Áskirkju
mánudaginn 5. september klukkan 11.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Kristín Vala Ragnarsdóttir
Halldór Páll Ragnarsson **Jóhanna Hulda Jónsdóttir**
Sigurður R. Ragnarsson **Þórdís Kjartansdóttir**
Margrét Dóra Ragnarsdóttir **Hjálmar Gíslason**
og barnabörn.



Ástkær eiginmaður,
faðir, tengdafaðir og afi,
Björn Hauksson
Heiðarbrún 10, Hveragerði,
lést 25. ágúst á Heilbrigðisstofnun
Suðurlands.

Helga Svava Bjarkadóttir
Þorbjörg, Fanney, Sigrún Björk,
Kristján og Sigurður Örn Björnsbörn
tengdabörn og barnabörn.

Fyrsta kvikmyndagerðarkonan

Frumkvöðullinn Ruth Hanson verður til umræðu í Þjóðminjasafninu í hádeginu í dag. Hún var fyrsta íslenska konan til að koma með beinum hætti að kvikmyndagerð.

arnartomas@frettabladid.is

Gunnar Tómas Kristófersson, sérfræðingur á Kvikmyndasafni Íslands, flytur erindi í Þjóðminjasafninu í dag um frumkvöðulinn og íþróttakonuna Ruth Hanson, fyrstu konuna til að koma með beinum hætti að kvikmyndagerð á Íslandi. Fyrirlesturinn er haldinn í tengslum við ljósmyndasýninguna I skyggen þar sem ljósi er varpað á konur í hópi frumkvöðla á sviði ljósmyndunar. „Hún var íþróttá-, sund- og danskennari sem kom heim úr námi frá Danmörku 1926,“ segir Gunnar Tómas um Ruth sem gerði ótrúlega hluti á stuttum tíma. „Hún byrjaði á því að opna dansskóla, var með góðgerðarsýningar til styrktar bágstöddum, setti Íslandsmet í sundi og var fyrst kvenna til að synda Engeyarsund.“

Ári eftir að Ruth kom heim úr námi fékk hún þá hugmynd að kynna dansskólann sinn með því að búa til kvikmynd.

„Úr varð þessi kvikmynd sem heitir einfaldlega Dans, þar sem Ruth dansar með systur sinni,“ segir Gunnar Tómas. „Ruth fékk ljósmyndarann Loft Guðmundsson til að taka myndina upp og gaf út á eigin spýtur. Myndin fær góðar



Systurnar Rigmor og Ruth Hanson.

MYND/ADSEND

viðtökur og jók hróður dansmenningar á Íslandi.“

Stuttu eftir að myndin var tekin upp kynntist Ruth skoskum manni og eru heimildir fyrir því að þau hafi verið farin að stinga nefjum saman. Eftir að þau giftu sig hvarf Ruth af sjónarsviði Íslendinga.

„Eftir að hafa gert alla þessa ótrúlegu hluti flutti hún til Skotlands og hvarf. Ég hef aðeins reynt að komast að því hvað gerðist hjá henni í Skotlandi og það

næsta sem ég hef komist er að hún hafi einhvern tímann verið íþróttakennari þar, hafi verið tveggja barna húsmóðir og dáíð árið 2003,“ segir Gunnar Tómas. „Þetta er frekar skritin saga. Manni líður stundum eins og feðraveldið hafi hreinlega gleypst hana.“

Gunnar Tómas flytur erindi sitt klukkan tólf í Þjóðminjasafninu í dag. Á vefsíðu Kvikmyndasafnsins er svo hægt að nálgast myndband Ruthar ef leitað er að „Dans“. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
stjúpmóðir, amma og langamma,
Sigríður Stephensen Pálsdóttir
fv. bankastarfsmaður,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítala
Fossvogi mánudaginn 18. júlí. Jarðsöngið
verður frá Áskirkju fimmtudaginn 1. september kl. 13.

Páll Ægir Pétursson
Kristín Pétursdóttir **Helgi Þór Jónasson**
Hannes Sigurður Pétursson **Helena Ragnhildur Káradóttir**
Pétur Valgarð Pétursson **Friðborg Jónsdóttir**
Guðbergur Pétursson **Hjördís Ólafsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Aðalsteinn Grímsson
Eilífdsdal,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
á Akranesi þann 26. ágúst.
Útför fer fram frá Guðriðarkirkju
mánudaginn 5. september kl. 13 en jarðsett verður
í Reynivallakirkjugarði að útför lokinni.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Hulda Þorsteinsdóttir
Erla Aðalsteinsdóttir **Ólafur Þór Júlíusson**
Lilja Aðalsteinsdóttir **Þór Hauksson**
Heiða Aðalsteinsdóttir **Guðmundur Ingi Þorvaldsson**
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ingvar Gíslason
fyrirverandi alþingismaður
og ráðherra,

sem lést miðvikudaginn 17. ágúst,
verður jarðsöngin frá Áskirkju í Reykjavík
miðvikudaginn 31. ágúst klukkan 13.00.

Fanny Ingvarsdóttir
Erlingur Páll Ingvarsson **Alda Sigmundsdóttir**
Gísli Ingvarsson **Ásthildur Magnúsdóttir**
Sigríður Ingvarsdóttir **Ingólfur Björnsson**
Auður Inga Ingvarsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn og
besti vinur, faðir og stjúpaðir,
Sigurgeir Kjartansson
læknir,

andaðist á heimili sínu 25. ágúst.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 26. ágúst kl. 10.00.

Jóhanna G. Halldórsdóttir
Aðalsteinn Sigurgeirsson og fjölskylda
Elin Sigurgeirsdóttir og fjölskylda
Kristin Garðarsdóttir og fjölskylda
Bryndis Garðarsdóttir og fjölskylda
Áslaug Garðarsdóttir og fjölskylda



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Ingiberg Magnússon
myndlistarmaður og kennari,
lést miðvikudaginn 24. ágúst á
hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í
Kópavogi. Útför hans fer fram frá
Digraneskirkju mánudaginn 5. september klukkan 13.

Guðrún Gísladóttir
Vésteinn Ingibergsson **Salóme Rúnarsdóttir**
Ólafur Ingibergsson **Valgerður Óskarsdóttir**
Magnús Gísli Ingibergsson **Erla Soffía Jóhannsdóttir**
Sævar, Stefán Ingi, Emma, Júlía,
Þórbergur Ari, Urður Lóa og María



Elsku hjartans eiginkona mín,
mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,
Anna Pálína Baldursdóttir
Vestursíðu 9, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð
þann 18. ágúst sl. Útförin fer fram frá
Akureyrarkirkju miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.

Eggert Eggertsson
Aðalheiður Eggertsdóttir **Baldur Pálsson**
Eggert Eggertsson **Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir**
Anna Margrét Eggertsdóttir **Elvar Knútur Valsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Skannaðu QR
kóðann og
fáðu nánari
upplýsingar

VERNDUM BÖRN

GEGN OFBELDI

KAUPUM ARMBANDIÐ



Barnaheill

www.barnaheill.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall
- 20.00 Fjallaskálar Íslands
- 20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2013-2014
- 14.30 Fyrir alla muni
- 15.05 91 á stöðinni
- 15.30 í garðinum með Gurry
- 16.00 Með okkar augum
- 16.25 Venjulegt brjálæði – Með lífið að veði
- 17.05 Íslendingar
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Bakað í myrkri
- 18.30 Hönnunarstirnir Nico og Andrés mæta enn á ný með nýjar áskoranir fyrir upprennandi fatahönnuði.
- 18.48 KrakkaRÚV - Tónlist
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Fiskilíf
- 20.30 Á móti straumnum – Nanna er viðundur Danskir þættir um ungt fólk sem á það sam-eiginlegt að standa frammi fyrir erfiðleikum í lífi sínu og þurfa að finna leið til að kljást við þá.
- 21.00 Trúður
- 21.30 Heima Bresk gamanþáttaröð um Peter og Katy sem snúa heim til Englands eftir fyrsta sumarfríð saman í Frakklandi með fullt af góðum minningum og, án þess að vita af því, sýrlenskan flóttamann í bílskottinu. Aðalhlutverk: Rufus Jones, Rebekah Stanton og Youssef Kerkour. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Blóð
- 23.10 Ófærð III
- 23.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist
- 12.30 Dr. Phil
- 13.13 The Late Late Show
- 13.53 The Block
- 15.14 The Neighborhood
- 15.35 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 mixed-ish
- 19.40 Ghosts
- 20.10 A Million Little Things
- 21.00 Bull
- 21.50 Evil
- 22.35 The Chi
- 23.35 The Late Late Show
- 00.20 FBI: Most Wanted
- 01.05 Yellowstone
- 01.50 Transplant
- 02.35 Yellowjackets
- 03.30 Queen of the South
- 04.15 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Jamie's Quick and Easy Food
- 09.45 Impractical Jokers
- 10.05 Shark Tank
- 10.45 Grey's Anatomy
- 11.30 Ireland's Got Talent
- 12.30 Nágrannar
- 12.55 30 Rock
- 13.20 Amazing Grace
- 14.05 Spegill spegill
- 14.35 Einkalífíð
- 15.15 Claws
- 16.00 The Masked Singer
- 17.20 LXS
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 19.30 Hell's Kitchen
- 20.15 Saved by the Bell
- 20.50 Last Man Standing
- 21.10 The Goldbergs
- 21.35 Bump
- 22.05 I'm Coming
- 22.25 Unforgettable
- 23.05 Coroner
- 23.45 Cheaters
- 00.15 Delilah
- 00.55 The Mentalist
- 01.40 Jamie's Quick and Easy Food
- 02.05 Shark Tank
- 02.45 Grey's Anatomy
- 03.30 30 Rock
- 03.50 30 Rock

Sjöfn í gleðihlaupi sumarkjóra

Matur og heimili verður á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Að þessu sinni leggur Sjöfn Þórðar í Elliðaárdalinn og Mathöll Höfða. Á dögunum fór þar fram sannkallað gleðihlaup, Sumarkjóra- og freyðivinshlaup, sem var haldið í annað sinn en fyrsta hlaupið fór fram í ágúst 2019. Síðan liggur leiðin í Mathöll Höfða þar sem Sjöfn heimsækir glænýjan hamburgerastað, Beef & Buns. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 ríki í Asíu
- 5 svif
- 6 nóta
- 8 komast
- 10 íþróttafélag
- 11 reyndar
- 12 ár
- 13 kvk nafn
- 15 venjan
- 17 skjálfa

LÓÐRÉTT

- 1 brjóstsviði
- 2 leysir
- 3 samstæða
- 4 skadda
- 7 harðna
- 9 jarðbik
- 12 sproti
- 14 vefur
- 16 ryk

LÓÐRÉTT: 1 náttúr, 2 eter, 3 par, 4 laska, 7 sko, 12 áfar, 13 unna, 15 reglan, 17 títra. LÁRÉTT: 1 nepal, 5 áta, 6 as, 8 berast, 10 í, 11 storkna, 9 asfalt, 12 angí, 14 net, 16 ar.

Sudoku

							1	3
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3			4	7		5
			6					

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
5				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6		1					5	
	2		4		5			6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkíð í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



Nýtt leikár stútfullt af myrkri og ljósi



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Brynhildur Guðjónsdóttir leikhússtjóri fer yfir komandi leikar hjá Borgarleikhúsinu. Hún segist standa stóreyg og spennt gagnvart leikhúsinu.

„Við erum komin til að gleðjast, njóta, lifa og læra og upplifa saman. Í Borgarleikhúsinu tókum við með okkur efni frá fyrra leikari og þar ber kannski hæst Níu líf, sýningu ársins á Grímunni 2022, og barnasýningu ársins Emil í Kattholti,“ segir Brynhildur Guðjónsdóttir Borgarleikhússtjóri.

Leikárið 2022-2023 hófst nú á dögunum með áður nefndum sýningum sem Brynhildur gerir ráð fyrir að muni lifa út leikárið.

„Síðan erum við með 14 nýjar frumsýningar auk þess sem fylgir okkur frá fyrra leikari. Þar má nefna Ég hleyp, með Gísla Erni, frábæru sýninguna hans Vals Freys Fyrirverandi, Njálu á hundavaði eftir Hund í óskilum sem er að fara vel í landann og mjög vel í skólahópa, og svo dásamlegu ungbarnasýninguna Tjaldid sem er samstarfsverkefni við Miðnætti.“

List leikarans í fyrirrúmi

Fyrsta frumsýning leikársins verður svo verkið Á eigin vegum, 17. september, einleikur með Sigrúnu Eddu Björnsdóttur byggður á samnefndri skáldsögu Kristínar Steinsdóttur. Leikgerðin er unnin af Mariönnu Clöru Lúthersdóttur og Söllu Guðmundsdóttur en leikstjóri verksins er Stefán Jónsson.

„List leikarans verður í fyrirrúmi því þarna er Sigrún Edda Björnsdóttir, okkar frábæra kanónuleikona, að stiga á svið í einleik í fyrsta sinn á fjörutíu ára ferli. Leikmyndin er listaverk út af fyrir sig en Egill Sæbjörnsson ljær okkur þar snilli sína. Fyrir aðdáendur Sissu, Kristínar Steins og Stefáns Jónssonar, sem eru ekki færri, þá verður þetta algjör konfektmolí á Litla sviðinu,“ segir Brynhildur.

Það er skammt stórra högga á milli því næsta frumsýning haustsins verður 23. september þegar gamanleikurinn Bara smá stund verður frumsýndur á Stóra sviðinu.

„Þetta er sprenglæglegur gamanleikur eftir Florian Zeller sem skrifaði til að mynda Föðurinn. Þorsteinn Bachmann leikur hinn



Brynhildur Guðjónsdóttir segir það undur og stórmerki að Borgarleikhúsið skuli hafa staðið af sér brotsjóti Covid-áranna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Það eru í raun undur og stórmerki að við skyldum standa af okkur þessa brotsjóti. En hér erum við, sterk sem aldrei fyrr.

franska Michel sem býr í fallettri íbúð í París. Hann skortir ekkert en akkúrat þennan laugardag þegar hann finnur fágæta djassplötu á markaði og langar ekkert annað en að fá bara smá stund til að hlusta á hana þá þurfa allir í kringum hann, fjölskylda og bestu vinir, að ljóstra upp um einhver leyndarmál,“ segir Brynhildur.

Álfur Örnólfsdóttir leikstýrir einvalaliði leikara en auk Þorsteins fara með hlutverk Bergur Þór Ingólfsson, Jörundur Ragnarsson, Sigurður Þór Óskarsson, Sólveig Arnarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir og Vilhelm Neto.

Allir deyjá

Í lok október verður önnur stór frumsýning þegar verkið Síðustu dagar Sæunnar eftir Matthías Tryggva Haraldsson, annað leikskáld Borgarleikhússins, verður frumsýnt á Litla sviðinu. Guðrún S. Gísladóttir leikur aðalhlutverkið Sæunni auk þess sem Jóhann Sigurðarson og Snorri Engilbertsson fara með hlutverk.

„Þarna er fjallað um dauðann á gamansaman hátt. Það deyja allir, það er óumflýjanlegt, það eitt vitum við um lífið. Það er stórkostlegt að fylgjast með leikskáldi þroskast og þróa sína list. Hér gerir Matthías vel og hún Sæunn sem Guðrún leikur á einhvern ótrúlegasta mónólóg sem ég hef séð síðustu ár í þessu verki, við verðum ekki svikin,“ segir Brynhildur.

Brött og stóreyg

Í inngangstexta kynningarrits Borgarleikhússins kemur fram að leiðarstef komandi leikárs sé að lifa af. Spurð um hvers vegna það hafi orðið yfir valinu segir Brynhildur að þegar verkefnavalsnefnd leikhússins hafi verið að stilla upp komandi leikari hafi þau séð að þetta var það sem sameinaði verkin. Að lifa af andspænis áföllum og erfiðum aðstæðum. Nefnir hún þar til að mynda verkið Góða ferð inn í gömul sár eftir Evu Rún Snorradóttur, hitt leikskáld Borgarleikhússins, sem fjallar um eyðnifaraldurinn í Reykjavík á síðustu öld.

„Þetta er okkar leiðarstef en til þess að lifa af þá þurfum við að hlæja og við bjóðum upp á leikar sem er stútfullt af myrkri og ljósi og öllu þar á milli. Til þess að geta farið á myrkustu staðina þá þurfum við að fara í mest dillandi hláturinn,“ segir hún.

Er Borgarleikhúsið búið að jafna sig eftir Covid-árin?

„Borgarleikhúsið stendur ótrúlega vel miðað við aðstæður af því að rekstrarform þessa leikhúss er sextíu prósent sjálfsafli. Það eru í raun undur og stórmerki að við skyldum standa af okkur þessa brotsjóti. En hér erum við, sterk sem aldrei fyrr, með fullt hús af hamingju og töfrum. Við erum í startholunum og hlökkum til að taka á móti gestum. Við erum alltaf brött og stöndum bara stóreyg og spennt gagnvart leikarinu, því það er nú einu sinni svo að við sem störfum við leikhús hættum aldrei að vera börn þegar það ber á góma.“ ■

Nánar á frettabladid.is

Blúsað á Patreksfirði í áratug

tsh@frettabladid.is

Blúshátíðin Blús milli fjalls og fjöru verður haldin í ellefta sinn á Patreksfirði 2. og 3. september næstkomandi. Páll Hauksson, eða Páll Hauks eins og hann er gjarnan kallaður, stofnaði hátíðina fyrir tíu árum síðan.

„Við ætlum að halda upp á afmælið á nokkuð sérstakan hátt og vera svolítið grand á því og flytja inn ekta, fræga blússöngkonu frá Bandaríkjunum sem heitir Karen Lovely. Hún er búin að gera garðinn frægan þar og víðar,“ segir hann.

Karen Lovely er fædd árið 1959 og hóf blúsferil sinn tæplega fimmtug og sendi frá sér sína fyrstu plötu árið 2008. Með henni á tónleikum kemur fram gítarleikarinn Mark Bowden.

„Hún er öflugur stuðningsmaður kvenna sem hafa lent í slæmum hjónaböndum og samböndum. Hún kom úr einu slíku þegar hún var fertug og átti svolítið erfitt þar til vinkona hennar dró hana út á kóræfingu með sér bara til að gera eitthvað. Hún mætti nokkrum sinnum á kóræfingu þangað til hún var fengin til að prufa að syngja



Páll Hauks stofnaði hátíðina Blús milli fjalls og fjöru á Patreksfirði fyrir rúmum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

með hljómsveit og þá var ekki aftur snúið,“ segir Páll.

Að sögn Palla verður svolítið kvennaþema á Blús milli fjalls og fjöru í ár en auk Karen koma fram þrjár aðrar hljómsveitir.

„Það verður kvennaband sem heitir Sisters of the Moon, þar er Brynhildur Oddsdóttir í fararbroddi. Kristína Bærentsen, sem er Færeyingur og búsett á Íslandi, hún er með mjög áhugavert kántri-

blúsband. Svo verður hljómsveitin Hvellfing, það eru ungir krakkar sem eru að ljúka námi í FÍH. Það er gaman að geta þess að Ríkhartur Ingi úr bandinu er Patreksfirðingur sem ég er mjög stoltur af að fá að setja á svið.“

Eru Patreksfirðingar áhugasamir um blústónlist?

„Ég er mjög mikill áhugamaður um blús og hef verið það í gegnum tíðina. Byrjaði á þessu af einhverri rælni fyrir tíu árum síðan og svo hefur þetta bara stækkað. Ég hugsa að þórranum af bæjarbúum þyki þetta skemmtileg tónlist og hafi lært að meta hana í gegnum tíðina.“

Myndirðu hvetja fólk til að gera sér ferð vestur á Patró?

„Já, að sjálfsögðu geri ég það, þetta er metnaðarfull og mikil dagskrá hjá okkur. Fólk kemur töluvert að sunnan vestur á Patró. Það er fullt af fólki sem kemur ár eftir ár og maður er farinn að kynnast bara hellingi af fólki í gegnum þetta. Þetta er skemmtilegur dagsbílur að keyra vestur á firði í fallegu landslagi.“

Hægt er að lesa meira um dagskrá Blús milli fjalls og fjöru á Facebook-síðu hátíðarinnar. Miðasala fer fram á staðnum og á tix.is. ■

Lesu upp Mánastein í heild sinni

tsh@frettabladid.is

Kristín Svava Tómasdóttir, skáld og sagnfræðingur, og Ásta Kristín Benediksdóttir bókmenntafræðingur efna til kvöldgöngu í dag í samvinnu við Borgarbókasafn þar sem skáldsagan Mánasteinn eftir Sjón verður lesin upp í heild sinni. Gangan er haldin í tilefni stórafmælis Sjóns en hann varð sextugur þann 27. ágúst síðastliðinn.

Gangan hefst á Skólavörðuholti við Hallgrímskirkju klukkan 18 og staldrað verður við á vel völdum stöðum þar sem sögupersónan Máni Steinn kemur við í bókinni.

Að sögn skipuleggjenda er reiknað með að gangan taki á bilinu þrjár til fjórar klukkustundir. Gestir eru hvattir til að taka með sér nesti og heitt á brúsa, hlý föt og jafnvel teppi eða útilegustóla. Öllum er heimilt að koma og fara að vild, ganga stuttan spöl eða langan en reglulegar uppfærslur um framvindu göngunnar verða birtar á Facebook-viðburði hennar. Áhugasömum upplേശurum er einnig velkomið að lesa kafla.

Mánasteinn kom út árið 2013 og segir frá drengnum Mána Steini sem lifir í kvikmyndum. Sögu-



Sjón hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Mánastein árið 2013.

sviðið er Reykjavík hamfaraárið 1918 þegar eldgosid í Kötlu glumdi í bakgrunni frostavetursins mikla og spænska veikin geisaði um heimsbyggðina.


Sjón hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki skáldverka fyrir Mánastein. ■



Lil Nas X fór ekki fram hjá neinum enda sterkur leikur að vísa svona í Svartar fjaðrir Davíðs Stefánssonar.



Barbie-bleik Nicki Minaj stormaði á sviðið í uppreimuðum stígvélum þegar hún „stútaði“ senunni með sigildum leikfimiæfingum innan um fáklædda dansara áður en hún tók við hinni eftirsóttu viðurkenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Avril Lavigne var ógeðslega töff og massakúl. En ekki hvað?

Nicki Minaj hirti senuna með epískum súludansi

MTV VMA-verðlaunin voru afhent um helgina með tilheyrandi glamúr, gleði og stjörnuafans enda mörg til kölluð en flest þurftu þó að standa í skugganum af Nicki Minaj sem hafði ekki mikið fyrir því að stela skærasta bjarma sviðsljóssins þegar hún mætti til leiks eftir fjögurra ára hlé.

toti@frettabladid.is

Flestar skærustu stjórnur samtímans og þau sem frekust eru til fjörsins í slúðurpressunni léku við hvurn sinn fingur í sínu finasta og oftar en ekki flegnasta þússi þegar MTV-tónlistarmyndbandaverð-

launin voru afhent í New Jersey í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld.

Gamalir rapphundar og fastastjórnur á MTV-himninum létu sig ekki heldur vanta en að flestum öðrum ólöstuðum reyndist Nicki Minaj sérlega auðvelt að stela skærasta bjarma sviðsljóssins þegar hún tók við brautryðjendaverðlaununum, Video Vanguard Award, sem kennd eru við Michael Jackson.

Allra augu voru á Minaj sem stal senunni eins og henni einni er lagið með fettu, brettum, sigildu „twerki“ og „epísku súludansaugnabliki“ eins og CNN orðar það þegar hún flutti syrpu af smellum sínum áður en hún tók við viðurkenningunni sem má teljast sú eftirsóttasta og hæst skrifaða á hátíðinni

en meðal fyrri verðlaunahafa eru til dæmis Jennifer Lopez, Britney Spears, Justin Timberlake, Rihanna, Bítlarnir, Janet Jackson og Madonna.

Verðlaunin eru veitt tónlistarfólki fyrir framúrskarandi framlag og langvarandi áhrif á tónlistarmyndbandagerð og poppkúltúrinn og Minaj lét nokkurra áhrifavalda sinna getið í þakkarræðu sinni; Kanye West, Lil Wayne, Britney Spears, Rihanna og Drake.

Atriði Minaj markaði endurkomu hennar á svið MAT-verðlaunanna eftir fjögurra ára fjarveru en þar tróð hún síðast upp 2018. Þá var Minaj einnig sýndur sá aukasómi að hún var fengin til þess að kynna hátíðina ásamt Jack Harlow og LL Cool J. ■



Alltaf eins, alltaf ferskur. Snoop Dogg er meðidda.



LL Cool J sem löngum var á leiðinni til Cali var hress í New Jersey og var kynnr ásamt Nicki Minaj og Jack Harlow.



Taylor Swift er drottning og bar sig sem slík á hátíðinni þar sem hún landaði verðlaunum fyrir myndband ársins.

Piparsveinar í góðu flippi. Undrið Flea og félagar í Red Hot Chili Peppers fengu verðlaun sem besta rokkið.



Vinir okkar í Eurovision-gleðinni og sigurvegararnir þar, Mánéskin, þurftu ekki 12 stig til þess að hljóta Alt-verðlaunin.

Lizzo er ferlega góð og krækta verðskuldað í stytta fyrir About Damn Time. Tími til kominn, kunna einhverjir að segja.

SR30

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**

Náðu þér
í boðsmíða
á **HARPA.IS**
og **TIX.IS**

**MARRIA
SCHNEIDER**

Í tilefni af **30 ára afmæli Stórsveitar Reykjavíkur**
býður hljómsveitin landsmönnum öllum á stórtónleika
undir stjórn skærustu stjörnu stórsveitaheimsins!

▶ **18. SEPTEMBER**

▶ **KL. 20.00**

▶ **ELDBORG**

Sigmundur Davíð vonar að Siggi Hlö snúi aftur

„Þetta var auðvitað ákveðið áfall þegar tilkynnt var að hann væri að hætta,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sem sendi Sigga Hlö kveðju í bundnu máli á meðan hann sendi útvarpsþáttinn Veistu hver ég var? út í síðasta sinn á laugardaginn eftir fjórtán ára úthald og stöðugar vinsældir.

toti@frettabladid.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, sendi Sigga Hlö hjartnæma og innblásna kveðju á laugardaginn á meðan Siggi var í beinni útsendingu á Bylgjunni í síðasta sinn með þáttinn sinn sívinsæla Veistu hver ég var?

„Þetta var auðvitað ákveðið áfall þegar tilkynnt var að hann væri að hætta. Maður er svona rétt að komast af afneitunarstiginu,“ segir Sigmundur Davíð sem sendi Sigga þrjár ferskeytlur með kveðju og hvatningu til þess að taka þráðinn upp að nýju síðar.

„Ég ætla að fá að lesa hérna eitt ljóð sem mikill unnandi þáttarins var að senda mér,“ sagði Siggi í beinni og lét þess getið að umræddur hlustandi væri stjórnmalamaður og hétu Sigmundur Davíð. „Hann er nú hagrætur, blessaður, þó að við séum nú ekki í sama flokki,“ hélt útvarpsmaðurinn áfram áður en hann las upp þriðju og síðustu ferskeytluna.

Að lestri loknum sagði Siggi að þetta væri „rosalegt!“ og það fólk um að „klappa fyrir kallinum“.

Óskalg stjórnmálamanna

„Ég henti á hann þremur ferskeytlum. Ekkert sérstaklega góðum,“ segir Sigmundur og áréttar að kveðskapurinn dragi dóm af hugarástandi hans þá stundina. „Þegar maður var að átta sig á að þetta væri síðasti þátturinn. Þannig að gæðin mættu nú vera betri en þetta voru svona viðbrögð til að takast á við þetta ástand.“

Audheyrt var á Sigga að hann var vel meðvitaður um aðdáun Sigmundar Davíðs sem staðfestir að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem hann setur sig í samband við Sigga á meðan hann er í loftinu.

„Já, já. Maður hefur stöku sinnum fengið að lauma inn óskalagi hjá

Kveðja Sigmundar til Sigga Hlö

Þjóð vor þráði laugardag, þá klukkan fjögur léttist lund. Að velja lög var Sigga fag. Við áttum saman gleðistund.

En eftir árin tvisvar sjö; óvænt barst sú harmafrétt, að hætta myndi Siggi Hlö. Hvernig má það vera rétt?

Við elskum þig öll herra Hlö og biðum bara eftir því, að Siggi segi „taka tvö“, svo gleðjist okkar þjóð á ný.

honum þegar sérstakt tilefni er til,“ segir Sigmundur. Þá hefur Siggi sjálfur greint frá því að honum finnist það einna minnisstæðast í fjórtán ára sögu þáttarins þegar hann hringdi í Sigmund og Bjarna Benediktsson þar sem þeir voru í sumar-bústað að mynda ríkisstjórn 2013.

Þá þáði Bjarni boð um óskalag með því að biðja um Wild Boys með Duran Duran sem varð til þess að ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks var löngum kennd við lagið og allur vafi tekinn af um pólitísk áhrif Veistu hver ég var?

Fullkominn tónlistarsmekkur

„Þetta er, var, skemmtilegur þáttur,“ heldur Sigmundur Davíð áfram. „Tilbreyting frá amstri dagsins á laugardögum. Skemmtilegt kærleysi og auðvitað góð tónlist.“

Hann Sigurður Helgi Hlökkversson er nú líklega sá maður sem kemst næst því að vera með fullkominn tónlistarsmekk. Ég náttúrlega er sá eini sem hefur fullkominn tónlistarsmekk,“ segir Sigmundur Davíð af nokkurri sannfæringu. „Ég meina, ef það væri ekki þannig, svona frá mínum bæjardrym séð, þá myndi ég hafa annan smekk. En Siggi Hlö er sá sem kemst næst því, svona af þeim sem maður þekkir til.“

Sigmundur Davíð tekur undir að níundi áratugurinn sé ákveðin gullöld í tónlist og langvarandi vinsældir tónlistarinnar sem kennd er við „med sitt að aftan“ séu óumdeildar þótt þau sem aðhyllist þessa skoðun fái oft bágt fyrir.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, sendi Sigga Hlö hjartnæma og innblásna kveðju á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Síðasti þáttur Veistu hver ég var? á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Algjörlega. Þetta er besti áratugurinn í tónlist. En eins og þú segir, við sem kunnum að meta þetta höfum mátt þola fordóma alla tíð frá þeim sem telja þetta á einhvern hátt ekki nógu...“ heldur Sigmundur áfram og hugsar sig síðan um. „Ég veit ekki hvað menn hafa fyrir sér í því, en það hefur verið svona ákveðið snobb og litið niður á þennan áratug í tónlist. Bæði á sínum tíma og

sva auðvitað seinna líka og maður hefur bara gengið í gegnum þetta í þeirri fullvissu að þetta væri best.“

Skotheld rök

Rökstuðninginn sækir Sigmundur Davíð síðan úr nokkuð óvæntri átt en staðfestir um leið að honum er full alvara og veit hvað hann er að tala um. „Og hafi maður einhvern tímann efast þá er nóg bara að

hlusta á Modern Talking eða ABBA. Ég tala nú ekki um það. Kemur manni alltaf í gott skap.“

Það sem ég var helst ósáttur við hjá Sigga Hlö var þegar hann ákvað að útvíkka þáttinn eitthvað og fara að hleypa inn einhverju frá áratugunum fyrir og eftir. Tónlist sem átti ekkert heima í þættinum. Hollensk danstónlist frá 10. áratugnum og eitthvert svona rugl. Það á aldrei heima þarna.“

Vandséð er hvernig skarð Sigga Hlö verður fyllt með góðu móti en Sigmundur Davíð telur vist að fólk reyni að bjarga sér með lagalistum á Spotify. „Og hlusta á upptökur af gömlum þáttum inni á milli en það er ekki alveg það sama þegar maður fær ekki að heyrna í fólk í heita pottinum í beinni útsendingu,“ segir Sigmundur sem þó lifir í voninni sem hann lýsir í kveðju sinni til Sigga.

„Ég er nú enn að vona að hann komi aftur. Ég veit ekki hvort ég á að hefja svona undirskriftasöfnun eins og er í tísku núna en ég bind allavegana vonir við að einn daginn þá verði hann kallaður til baka til að sinna skyldum sínum fyrir þjóðina.“ ■

Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlandar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



FIGHT FOR FAMILY

IDRIS ELBA
BEAST

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

KOMIN Í BÍÓ

HÁSHÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

SMÁRA BÍÓ

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓN

SAMBÍÓN
EÐILSHÖLL

AKUREYRI
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

FTP

© 2022 UNIVERSAL STUDIOS
UNIVERSAL

Bakþankar

Péturs Georgs
 Markan



Eldstó samfélagsins

Fáir málaflokkar hafa tekið jafn miklum breytingum undanfarna áratugi og málefni leikskólanna. Til upprifjunar má benda á að eitt af forgangsmálum R-listans á sínum tíma var tryggð dagvistun barna allan daginn frá tveggja ára aldri. Stefnuþingarmál sem gjörbreytti lífskjörum barnafjölskyldna og var forsenda fyrir fullri atvinnuþátttöku kvenna.

Stjórnsmál og áherslumál framfjarinnar hafa einmitt oft einkennt pólitík í Reykjavík – undanfari stjórnsmála gærdagsins.

Nú virðist Reykjavík hins vegar vera í kröggum í þessum mála-flokki. En ráðaleysið er ekki staðbundið við Reykjavík, mála-flokkurinn er orðinn of krefjandi fyrir öll stærri sveitarfélög.

Staðreyndin er sú að leikskólinn hefur þanist út að umfangi og mikilvægi á undraskómmum tíma og fellur í dag auðveldlega undir skilgreiningar á grunnþjónustu sem allar barnafjölskyldur verða að eiga rétt á. Þjónusta sem tekur við að loknu fæðingarorlofi. Grunnþjónusta sem sveitarfélög geta sinnt eins vel og kröfur standa til um.

Stjórnsmál þurfa að snúast um hugrakkar lausnir til að bæta líf og umhverfi fólksins. Með það að leiðarljósi hlýtur umræðan að fara að snúast um að Alþingi skilgreini leikskóla sem fyrsta námsstig með lögum og beiti sér fyrir fjölgun leikskólakennara. Jafna þarf kjör leikskólakennara á við kennara á öllum skólastigum og veita sveitarfélögum nægilegt fjármagn til að sinna áðurnefndri lagaskyldu. Í þessu samhengi er umræða um lækun á skólaskyldu nauðsynleg.

Fyrst og fremst snýr þetta að viðurkenningu á því að leikskólar eru eldstó samfélagsins, grunnþjónusta hvar menntun barna hefst – upphafsreitur skólagöngunnar. ■

STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU




GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
 VÖNDUÐUM
 HEILSURÚMUM



EITT MESTA
 ÚRVAL AF
 HEILSUDÝNUM
 Á LANDINU



VANDADAR
 SÆNGUR OG
 KODDAR Í
 ÚRVALI




PANDORA
 STILLANLEGUR
 HÆGINDASTÓLL



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIÐI 17-19,
 REYKJAVÍK
 S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
 AKUREYRI
 S: 461 1150



ÓPÍÐ:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR